




Stigamót

2017



ÁRSSKÝRSLA

RITSTJÓRN:

Tölfræðivinnsla og texti í tölfræðihluta:

Anna Þóra Kristinsdóttir, sálfræðingur

Textahluti:

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta

HÖNNUN KÁPU:

Sóley Stefánsdóttir

PRENTUN:

Guðjón Ó.



Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 28. starfsári Stígamóta. Gerð er grein fyrir sjálfshjálparstarfinu, hugmyndafræðinni að baki starfinu og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um textahlutann sá Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta, en fleira starfsfólk skrifaði um einstaka þætti í starfinu. Um tölulega samantekt sá Anna Þóra Kristinsdóttir. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru okkur starfsfólki Stígamóta leiðarljós við forgangsöðun pólitískra verkefna.

Efnisyfirlit

Stofnun og hugmyndafræði	3
Innra starfið	4
Sjálfhjálparstarfið	8
Karlar og kynferðisofbeldi	10
Pólitískt samfélagsstarf	11
Alþjóðastarf	16
Erlendar heimsóknir á Stígamót	23
Tölulegar upplýsingar	27
Meðferð tölulegra gagna	28
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður	33
Um ofbeldisverkin	37
Kærð mál	51
Fordómar og staðalímyndir	52
Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn	57
Aðstandendur	59

STOFNUN OG HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR AÐ STARFI STÍGAMÓTA

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sifjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmennum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu, heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast og þaðan sem leiðirnar geta verið margar, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi hin eldri sé heilinn á bak við tilurð Stígamóta. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvannahreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun. Karlar eru oftast en ekki í valdastöðu gagnvart konum og börnum, ófatlaðir í valdastöðu gagnvart fótluðum, innlendir gagnvart fólki af erlendum uppruna o.s.frv.



Inngangurinn að Stígamótum, Laugavegi 170.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, í miklum mæli karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta.

Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

INNRA STARFIÐ

Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þeim sem því hafa verið beitt, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða hópum. Femínísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þau sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að það fólk sem leitar sér hjálpar hjá Stígamótum séu „sérfræðingarnir“. Það er að segja; enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en þau sem því hafa verið beitt. Við leitumst því við að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfsfólks og þeirra sem leita aðstoðar. Leitast er við að endurspeglar þessar hugmyndir í öllu starfi Stígamóta, hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

Skipulag, starfshópur og leiðbeinendur

Stígamót eru óformleg grasrótahreyfing og starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist á reynslu þeirra sem þangað leita, jafnframt er sóst eftir að starfsfólk hafi sem besta menntun til þess að sinna starfi sínu. Allt starfsfólk Stígamóta hefur háskólamenntun sem nýtist starfseminni vel. Ábyrgð á daglegu starfi deilir starfshópurinn jafnt en þó hefur verkaskipting aukist á síðustu árum.

Það er flókið að gera grein fyrir verkaskiptingu starfshóps, enda lætur starfsfólkinu best að vinna í teyrum þar sem hlutverk eru misskýr. Starfsfólk á árinu var eftirfarandi:

Anna Bentína Hermansen kynjafræðingur sem auk ráðgjafarstarfs á Stígamótum og starfrækslu sjálfshjálparhópa, sá um ráðgjöf á

Austurlandi, sinnti Stígamótasamfélaginu og hélt utan um hlaupahóp með meiru.

Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur sem jafnframt hélt utan um tölfraediúrvinnslu og hefur leitt Svanahópana og tekið að sér ýmsar greiningar.

Björg G. Gísladóttir rithöfundur og bókmenntafræðingur sem jafnframt sat í framkvæmdahópi og sinnti ýmsum öðrum verkefnum.

Erla Björg Kristjánsdóttir félagsráðgjafi sem m.a. tók við ráðgjöf, starfrækslu sjálfshjálparhópa og sá um ráðgjöf á Vesturlandi.

Eva Bryndís Pálsdóttir fjölskyldumeðferðarfræðingur var ráðin inn í nóvember til þess að leysa Jóhönnu Lind í fæðingarorlofi og sinnti öllum almennum ráðgjafastörfum á Stígamótum.

Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta, sem m.a. hélt utan um alþjóðastarfið og pólitíska vinnu.

Harpa Oddbjörnsdóttir sálfræðingur réð sig sem ráðgjafa á Stígamótum í júní, en bauðst staða sálfræðings í Barnahúsi á haustmánuðum og sagði starfi sínu því lausu.

Hjálmar Gunnar Sigmarsson kynjafræðingur sem hafði það hlutverk að annast fræðslu um karla og kynferðisofbeldi og sinna ráðgjöf og hélt utanum Strákakvöldin.

Jóhanna Lind Jónsdóttir myndmeðferðarfræðingur var ráðin í byrjun maí sem ráðgjafi og myndmeðferðarfræðingur, en fór í fæðingarorlof í nóvember.

Karen Linda Eiríksdóttir fjölskyldumeðferðarfræðingur sem auk ráðgjafarstarfsins á Stígamótum sá um þjónustu við Vestfirði og var hálfan vinnudag í hverri viku með ráðgjafarviðtöl í Bjarkarhlíð fyrir hönd Stígamóta.



Starfshópur Stígamóta.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir mannfræðingur með sérfræðipækkingu í alþjóðasamskiptum kom úr barneignafrii í febrúar, en hún hélt utan um fjáröflun, tók þátt í pólitísku fræðslustarfi og sat t.d. fyrir hönd Stígamóta í Ofbeldisvarnaráði, Jafnréttisráði, Samráðs- og samhæfingarteymi um velferðarþjónustu við þolendur mansals og í sérfræðingahópi European Women's Lobby um ofbeldi.

Þóra Björt Sveinsdóttir náms- og starfsráðgjafi sem m.a. hefur leitt marga sjálfshjálparhópa og sinnt fræðslu. Þóra kom úr fæðingarorlofi í maí, en sagði starfi sínu fljótlega lausu til þess að geta farið að sinna faginu sínu í grunnskóla í Reykjavík, en að þremur mánuðum liðnum kom hún aftur til baka, starfshópnum til mikillar ánægju.

Þórunn Þórarinsdóttir kennari og ráðgjafi sem jafnframt hélt utan um hópastarfið með leiðbeinendum, og gegndi ótal öðrum hlutverkum. Í lok ársins tók hún að sér ráðgjöf í Bjarkarhlíð hálfsmánaðarlega fyrir hönd Stígamóta.

Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar á starfshópurinn kost á einkahandleiðslu hjá handleiðsara að eigin vali. Fleiri komu þó að starfi Stígamóta en fastráðið starfsfólks.

Um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir. Fjáröflun í gegnum úthringingar og götukynningar fór fram hluta ársins í umsjá Steinunnar og réði hún Heiðrúnu Fivelstad sem hópstjóra til þess að skipuleggja daglegt starf götukynna. Í lok október var Heiðrún

svo ráðin í 40% starf til þess að vinna að forvarnarverkefni gegn ofbeldi í unglingasamböndum og í nóvember var Steinunn Ólína Hafliðadóttir líka ráðin í hlutastarf til þess að sinna sama verkefni.

Um tölvumál Stígamóta sér Sigurbrandur Dagbjartsson. Leiðbeinendur og aðstoðarleiðbeinendur lögðu fram mikilvægt vinnuframlag á árinu.

Framkvæmdahópur

Framkvæmdahópur er hin eiginlega stjórn Stígamóta. Hann er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópnum, ásamt fulltrúum starfsfólks og fulltrúa Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu þær Guðrún Jónsdóttir, Margrét Steinarsdóttir fyrir Kvennaráðgjöfina og þær Ásgerður Jóhannesdóttir og Sólveig Höskuldsdóttir fyrir hönd leiðbeinenda. Megnið af árinu sat Björg G. Gísladóttir í framkvæmdahóp fyrir hönd starfshóps, en síðasta hluta ársins tók Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir við hennar sæti.

Fjárhagslegur grundvöllur

Tekjur Stígamóta komu frá ríkinu, Reykjavíkurborg, nokkrum bæjar- og sveitarfélögum, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum. Á milli Stígamóta og Velferðarsviðs Reykjavíkur hefur verið gerður þjónustusamningur. Auk þess fór fram fjáröflun hluta ársins þar sem götukynnar buðu almenningi að styrkja Stígamót með mánaðarlegum framlögum.



Götukynnar Stígamóta 2017.

Fjáröflun

Á árinu var styrktaraðilakerfi Stígamóta markvisst kynnt í gegnum úthringingar og götukynningu. Í heildina skráðu rétt rúmlega 500 nýir styrktaraðilar sig í mánaðarleg framlög auk þess sem 95 manns hækkuðu framlagið sitt. Nú styrkja rúmlega 3000 manns Stígamót mánaðarlega og skilar þetta verulegum fjármunum inn í starfið. Vegna þessarar tekjuöflunar var hægt að ráðast í stór verkefni sem ella hefði verið óhugsandi.

Velvilji og stuðningur tóku á sig ýmsar birtingarmyndir!

Umfang starfseminnar á Stígamótum væri aðeins svipur hjá sjón ef ekki kæmi til mikill velvilji og stuðningur úr ýmsum áttum. Ómögulegt er að telja upp allt það sem varð starfseminni til góðs.

Fyrst ber að þakka almenningi. Mánaðarlegir styrktaraðilar hafa styrkt fjárhagslegan rekstrargrundvöll til muna. Slíkur stuðningur lýsir fólki með mikla samfélagslega ábyrgð.

Dóra Hlín Ingólfssdóttir lögreglukona sem var ein af stofnendum Stígamóta lést í lok árs 2016 og var jarðsungen í byrjun janúar. Aðstandendur hennar beindu því til þeirra sem vildu minnst hennar að láta Stígamót njóta góðs af því.

Félagsráðgjafafélagið styrkti Stígamót um 500.000 kr. og fór afhending styrksins fram á félagsráðgjafabætur.

Reykjavíkurborg sýndi því skilning að aðsókn hefði aukist gífurlega eftir sjónvarpsþátt og kynningarátak um Stígamót og veitti fimm milljónir í aukafjárveitingu til þess að hægt væri að bæta við starfskröftum.

Þar í Reykjavík hefur undanfarin ár styrkt sérstaklega við starfið með konum sem hafa verið í vændi. Samfés styrkti Stígamót um 66.500 kr. og Fjölbaut í Mosfellsbæ gaf 70.000 kr. Fjölbaut Suðurnesja safnaði 200.000 kr. og Rebekkustúka nr. 15 styrkti Stígamót um 212.000 kr.

Þær Andrea Sigurðardóttir, Bryndís Ásmundsdóttir og Sandra Björg skipulögðu stærsta spinningtíma ársins og söfnuðu 500.000 kr. fyrir Stígamót.

Reykjavíkurmaraþonið

Skemmtileg hefð hefur skapast á Stígamótum í kringum Reykjavíkurmaraþonið. Anna Bentína Hermansen bjó að þessu sinni til okkar eigin hlaupahóp sem æfði saman nokkrum sinnum og endaði æfingarnar í súpu á Stígamótum. Hópurinn stúderaði í sameiningu leiðir til þess að safna áheitum, hvaða kerfi skyldu notuð til þess að auka hlaupaból og hélt uppi hvatningu og gleði. Á árinu hlupu 23 hlauparar fyrir Stígamót.

Pantaðar voru skikkjur og derhúfur fyrir hlaupara og klappliðið á hliðarlínunni var stórt og glatt. Í kjölfarið var haldin móttaka hjá Stígamótum fyrir hlauparana þar sem starfsemin var kynnt og boðið var upp á léttar veitingar. Í Reykjavíkurmaraþoni söfnuðu 1.235.534 kr.



Ágóði af stærsta spinningtíma ársins.



Reykjavíkumaraþonið 2017.

Endurmenntun starfsfólks, fræðsla og huggulegheit

Í október voru haldnir starfsdagar í Grímsborgum, þar sem ýmis verk voru unnin sem aldrei gefst tími til á venjulegum starfsmannafundum. Haldin var sumarhátíð og árshátíð.

Hópurinn sem fram hafði komið fyrir hönd Stígamóta árið áður hittist nokkrum sinnum og hélt tvisvar opið hús.

Starfsfólk sótti ráðstefnur og fyrirlestra eftir föngum og haldið var leiðbeinendanámskeið í byrjun september. Meginreglan í fræðslumálum ársins var að opna húsið fyrir almenningi og samstarfsaðilum þegar við fengum áhugaverða fyrirlesara til okkar. Sagt verður nánar frá þeirri vinnu í kaflanum um fræðslu.



Tíkurnar á Stígamótum.

Það er vert að geta þess að húsnæði Stígamóta er stórt og rúm-gott og reynt hefur verið að gera það eins fallegt og notalegt og hægt er. Góður fyrirlestrarsalur hefur gert allt fræðslustarf svo miklu auðveldara og aðgengilegra.

Sannleikssjóður Stígamóta

Á Íslandi er okkur sagt að við búum í paradís kynjajafnréttis. Í sjö ár hefur jafnrétti á Íslandi mælst mest í heiminum, þrátt fyrir það viðgengst að ein af hverjum þremur konum er beitt ofbeldi. Nauðgunardómar hafa lengst af verið teljandi á fingrum einnar konu á hverju ári og til viðbótar höfum við dæmi um að konur og karlar hafi verið miskunnarlaust kærð fyrir að skýra frá ofbeldinu.

Stígamótum barst bréf árið 2013 og með því fylgdu 100.000 krónur frá konu sem kys að láta ekki nafns síns getið. Hún sagði:

“Ég er fulltrúi fjöldans, fjölda sem ekki sættir sig við að dómstól-um sé beitt í hvítþvotti karla sem hata konur. Ég er fulltrúi þeirra sem er bæði ljúft og skylt að láta fé af hendi rakna til þess að standa vörð um kynfrelsi kvenna, frelsinu til að greina frá reynslu sinni og afleiðingum ofbeldis.” Í framhaldinu var Sannleikssjóðurinn stofnaður í lok árs 2013 og hafa honum borist nokkrar gjafir síðan.

Sjóðurinn sem er ekki stór, tekur gjarnan við framlögum og hægt er að sækja um framlag úr sjóðnum til þess að tryggja réttlæti í kynferðisbrotamálum.

Kristínarsjóður

Rétt er að minna á að á Stígamótum er til svokallaður Kristínarsjóður, sem stofnaður var í minningu Stígamótakonnu. Úr honum hefur verið veitt litlum upphæðum til kvenna í neyð sem stundum hafa skipt sköpum fyrir þær. Á árinu söfnuðust í Maraþonhlaupi Íslandsbanka 225.000 kr. í sjóðinn.

Átak var gert til þess að formgera starfsumhverfið

Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott eins og máltakið segir. Í kjölfar gagnrýni sem Stígamót urðu fyrir var gert átak til þess að formgera starfsumhverfið og fyrirbyggja ofbeldi og samskiptavanda. Gerð var forvarnaáætlun sem m.a. fól í sér að um mitt ár var samið við fyrirtækið Forvarnir undir stjórn Ólafs Þórs Ævarssonar geðlæknis um að taka að sér að vera óháður fagaðili ef upp koma ágreiningsmál innan starfshópsins. Öllu starfsfólki Stígamóta er heimilt að leita beint til Forvarna ef upp kemur ágreiningur sem fólk treystir sér ekki til eða vill ekki ræða innanhúss. Jafnframt tók fyrirtækið að sér fyrirlestraseríu fyrir starfshópin til þess að stuðla að sem bestu vinnuumhverfi og hefur bæði starfsfólk og stjórn Stígamóta beinan aðgang að ráðgjöf hvenær sem þörf þykir.

Á árinu voru haldnir starfsdagar í Grímsborgum þar sem starfshópurinn skrifaði siðareglur og verklagsreglur og þar sem kynntar voru reglur um tölvupóstsamskipti og um trúnað í tölvupósti. Jafnframt voru skrifaðir formlegir ráðningarsamningar fyrir starfsfólk.

Með almenn starfsmannamál fer talskona Stígamóta. Starfsmannaráð er kallað til eftir þörfum til þess að sinna starfsmannamálum þegar þurfa þykir. Það er skipað af talskonu Stígamóta, trúnaðarkonu starfshóps sem á árinu var Þórunn Þórarinsdóttir og fulltrúa framkvæmdahóps sem var Margrét Steinarsdóttir.

SJÁLFSHJÁLPARSTARFIÐ

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf, netspjall og símapjónusta

Stuðningur Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldi. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfsfólk Stígamóta veitir fyrst og fremst persónulega ráðgjöf í formi viðtala.

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins sem og á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beitt. Fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Nokkuð hefur verið um að Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur hafi lagt fyrir fólk greiningarlista til þess að meta áfallastreitu þegar það hefur átt við.

Venjulega er ráðgjafi á símapaktinni frá kl. 10 – 16 virka daga. Að auki er boðið upp á netspjall á sama tíma fyrir þau sem það hentar. Öll þjónusta við Stígamótafólk er ókeypis.

Ráðgjöf á Ísafirði, í Borgarfirði og á Egilsstöðum

Leitast hefur verið við að koma til móts við fólk sem einhverja hluta vegna kemst ekki á Stígamót. Þannig var fólk heimsótt inn á lokaðar stofnanir, auk þess sem Stígamót buðu upp á viðtöl á nokkrum stöðum á landinu.

Farnar voru sextán ferðir til Ísafjarðar og þar fóru fram 61 ráðgjafarviðtal. En vegna veðurs, féll þjónusta þar stundum niður.

Á Egilsstöðum komust færri að en vildu og var fullt í alla ráðgjafartíma. Þar voru viðtöl í 34 daga og urðu viðtölin alls 204. Á árinu var ákveðið að hefja ráðgjöf á Vesturlandi. Í janúar var haldið í kynningarferð og voru haldnir opnir fundir fyrir almenn-ing í Borgarnesi og á Grundarfirði, lokaðir fundir fyrir fagfólk á sömu stöðum og að auki var boðið upp á fræðslu í Landbúnaðarskólanum á Hvanneyri og Menntaskóla Borgarfjarðar. Svæðisfjölmiðillinn Skessuhorn tók viðtöl og birti auglýsingar um þjónustuna. Í kjölfarið var boðið upp á ráðgjöf bæði í Borgarnesi og á Akranesi hálfsmánaðarlega.

Tíu sjálfshjálparhópar voru starfræktir á árinu

Frá upphafi hafa sjálfshjálparhópar verið mikilvægir í starfsemi Stígamóta. Boðið er upp á hópa fyrir fólk sem beitt hefur verið sifjaspellum og nauðgunum. Í þessum hópum koma brotaþolar saman til að sækja sér styrk og takast á við erfiðleika sem rekja má til afleiðinga sifjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópastarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfsefning. Hóparnir hittast 15 sinnum, í tvo og hálfan tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar.

Árið 2017 voru starfræktir 10 hópar með samtals 43 konum á aldrinum 18 ára – 62 ára. Á árinu náðist ekki að starfrækja karlahóp.

Þær sem leiddu hópa árið 2017 voru Erla Björg Kristjánsdóttir, Sólveig Höskuldsdóttir, Tanja Andersen, Þóra Björt Sveinsdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir. Aðstoðarleiddbeinendur voru Bjarney Rún Haraldsdóttir, Eva Dís Þórðardóttir og Sigrún Bragadóttir.

Leiðbeinendafundir voru haldnir einu sinni í mánuði, á meðan hópar voru í gangi og hið árlega leiðbeinendanámskeið var svo haldið síðustu helgina í september 2017.

Þjónusta við fólk í vændi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólk í klám-iðnaði sé ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðis-ofbeldi og að við bjóðum þessa einstaklinga velkomna til okkar. Auk ráðgjafarviðtala er boðið upp á þátttöku í sérsniðnum sjálfshjálparhópi.

Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar, aðstandendur og fagfólk hringja þó og leita

KARLAR OG KYNFERÐISOFBELDI

Frá því að Stígamót voru stofnuð hafa tæplega 700 karlkyns brotapolar leitað sér aðstoðar. Árið 2017 voru karlar 54 eða 12% þeirra sem komu í fyrsta sinn til Stígamóta. Það er örlítill hlutfallsleg fækkun frá fyrra ári þegar þeir voru 12.3% af heildarfjöldanum. Þar sem heildarfjöldi karla er mun lægri en kvenna er ekki óeðlilegt að hlutfallstölurnar hreyfist á milli ára. Hins vegar voru þetta fleiri einstaklingar en árið 2016, það mættu 54 karlar 2017, en 43 karlar 2016. Þetta er næstmesti fjöldi karla frá upphafi Stígamóta. Árið 2013 mættu 58 karlar til Stígamóta.

Haldið var áfram að gera þjónustu Stígamóta fyrir karlkyns brotapolar sýnilegri og unnið að því að þróa hana enn betur.

Í sérblaði Stígamóta sem kom út í lok ársins var sérstök umfjöllun um þjónustuna og viðtal við Torfa Guðmundsson, sem hefur nýtt sér þjónustu Stígamóta. Umfjöllun um karlkyns brotapolar kynferðisofbeldis var hluti af allri fræðslu sem fór fram á vegum Stígamóta. Haldnir voru sérstakir fyrirlestrar um karla sem verða fyrir kynferðisofbeldi, svo sem fyrir nema í sálfræði við Háskólann í Reykjavík, fyrir félagsþjónustuna á

Ísafirði og á jafnréttisdögum Mosfellsbæjar. Einnig var Hjálmar Sigmarsson ráðgjafi fulltrúi Stígamóta á ráðstefnu um karlkyns brotapolar, undir yfirskriftinni „Einn blár strengur“, sem haldinn var í Háskólanum á Akureyri. Auk þess sótti Hjálmar námskeið sem var haldið í tengslum við ráðstefnuna. Fulltrúar frá bresku samtökunum Survivor Manchester og áströlsku samtökunum Living Well voru með heilsdagsnámskeið um reynslu þeirra við að vinna með körlum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Á námskeiðinu var farið yfir allskonar nálganir og fræðsluefni, sem nýtist vel í starfsemi Stígamóta. Auk þess var sett upp undirsíða á heimasíðu Stígamóta, þar sem margskonar efni fyrir karlkyns brotapolar er safnað saman.

Í allri fræðslu og fjölmiðlaumfjöllun Stígamóta var einnig lögð mikil áhersla á ábyrgð karla í umræðunni um kynferðisofbeldi gegn konum. Hjálmar hélt t.d. erindi um hlutverk karla í baráttunni á Barbershop ráðstefnu í Norræna Húsinu, kveðjuráðstefnu Kristínu Ástgeirsdóttur fráfarandi framkvæmdastýru Jafnréttisstofu og á norrænni karlafræðaráðstefnu í Örebro í Svíþjóð. Síðan í kjölfar #metoo umræðunnar var ákveðið að þróa nýtt námskeið fyrir karla sem vilja beita sér í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Skráning hófst í desember.

Strákarnir á Stígó

Á Stígamótum voru haldin níu umræðu- og fræðslukvöld undir yfirskriftinni „Strákarnir á Stígó“. Körlum sem hafa nýtt þjónustu okkar í gegnum árin var boðið að hittast og ræða málín við aðra karlkyns brotapolar, í traustu og öruggu rými. Á strákakvöldunum var ýmskonar fræðsla í boði. Það voru sýnd fræðslumyndbönd og fræðsluefni um karlkynsbrotapolar var kynnt og alltaf var pláss fyrir góðar umræður á eftir.

Hjálmar G. Sigmarsson

PÓLÍTÍSKT SAMFÉLAGSSTARF

MARKMIÐ STÍGAMÓTA HAFA FRÁ UPPHAFI VERIÐ TVÍÞÆTT. ANNARS VEGAR AÐ ÞJÓÐA UPP Á ÞJÓNUSTU VIÐ FÓLK SEM BEITT HEFUR VERIÐ OFBELDI OG HINS VEGAR AÐ GERA ÞAÐ SEM HÆGT ER TIL AÐ STÖÐVA OFBELDI, AUKA FRÆÐSLU, BÆTA LAGAUMHVERFI OG BÆTA ÚRRÆÐI FYRIR BROTAÞOLA.

Fræðsla, fyrirlestrar og heimsóknir

Alla tíð hefur fræðsla og forvarnir verið mikilvægir þættir í starfseminni og þannig var það líka á síðasta ári. Fundarsalurinn rúmgóði á Stígamótum hefur skapað kjöraðstæður til fræðslu. Hægt var að taka á móti stórum hópum og salurinn var í mikilli notkun.

Hér á eftir verður haldið til haga stórum og smáum fræðsluverkefnum sem unnin voru á árinu.

Framleiðsla á fræðsluefni

Til er á Stígamótum heilmikið fræðsluefni í formi bæklinga, bæði ítarlegra og stuttra og í formi myndbanda, bæði þýddra og framleiddum á Stígamótum. Svo má ekki gleyma að ársskýrslurnar eru mikilvæg heimild um starfsemi hvers árs og innihalda ítarlegar upplýsingar um tölfræði, byggða á komuskýrslum brotaþola. Á heimasíðunni okkar er svo mikið fræðsluefni og Facebook er mikið notaður miðill á Stígamótum til þess að taka þátt í daglegri umræðu og eru fylgjendur um 9000 talsins.



Hluti af fræðsluefni Stígamóta.

Gerð hafa verið myndbönd með viðtölum við brotaþola um ýmsa þætti tengda ofbeldi. Myndböndin eru mikilvæg kennslugögn bæði í fræðslu á Stígamótum og í alþjóðastarfi.

Á árinu uppfærði Margrét Steinarsdóttir ítarlega bæklinga um nauðganir og sifjaspell þannig að þeir endurspeglir þau úrræði sem til eru í dag og rétt er vitnað í lög og reglugerðir.

Frá ráðstefnunni Raddirnar – skoðanir, þarfir og hlutverk brotaþola.





Björg G. Gísladóttir og Guðbjörg Ottósdóttir.

Stígamótablaði var dreift með Fréttablaðinu þann 19. desember

Umfangsmesta fræðsluverkefni ársins var útgáfa átta síðna sérblaðs sem dreift var með Fréttablaðinu þann 19. desember. Í blaðinu var gerð grein fyrir helstu þáttum í starfseminni og mörg viðtöl voru tekin við brotapolu auk þess sem starfsfólk skrifaði greinar í blaðið.

Gestafyrirlesarar á Stígamótum

Í janúar hélt Hildur Fjóra Antonsdóttir erindi hjá Stígamótum, en hún kynnti fyrstu drög að niðurstöðum sínum í doktorsrannsókn um hugmyndir brotapolu um réttlæti.

Dalrún J. Eygerðardóttir sagnfræðingur flutti erindi um meistara-verkefni sitt sem fjallaði um stöðu kvenna á Íslandi í dag, þar sem m.a. var rætt við talskonu Stígamóta.

Þær Björg G. Gísladóttir og dr. Guðbjörg Ottósdóttir fluttu erindi um börn í ábyrgðarhlutverkum.

Fræðsla fyrir ungt fólk í framhaldsskólum, í háskólum og í félagsmiðstöðvum

Oftast hefst kynferðisofsbeldi snemma og í tæplega 70% tilfella hófst það fyrir 18 ára aldur hjá því fólki sem leitað hefur til Stígamót. Það er brýnt að fyrirbyggja það og að fólk fái hjálp sem fyrst. Ungt fólk er þess vegna sá hópur sem Stígamót vilja helst ná til. Það er því ánægjulegt að segja frá því að umfangsmikil fræðsla átti sér stað í skólum landsins á árinu. Fræðsla fór fram í

mörgum grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum. Um fræðsluna sáu að mestu þau Hjálmar og Steinunn, en annað starfsfólk kom einnig við sögu.

Þeir grunnskólar sem fengu fræðslu frá Stígamótum voru Foldaskóli og Þrisvar var farið í Garðaskóla. Framhaldsskólanemar voru líka fræddir og má nefna fyrirlestur fyrir alla fyrsta árs nema í Borgarholtsskóla. Þrír hópar úr Fjölbraut í Breiðholti komu í fræðslu og fjórir hópar úr Fjölbrautarskóla Ármúla. Menntaskóli Borgarfjarðar var heimsóttur og í Verslunarskólanum var haldin kynning í tilefni af því að nemendur söfnuðu fyrir Stígamót. Hjálmar hélt fyrirlestur um nauðgunarmenningu í Jafnréttisviku Menntaskólans í Kópavogi, Þórunn hélt tölu í Fjölbrautarskóla Suðurnesja og tók á móti 200.000 kr. styrk frá nemendum þar. Starfsbrautin í Flensborgarskóla kom í árlega heimsókn til Stígamóta og kynjafræðihópur í Fjölbrautarskóla Mosfellsbæjar kom í heimsókn færandi hendi með 70.000 kr. í starfseminu. Hjálmar talaði á kynjafræðipingi framhaldsskólanna bæði vor og haust. Að auki voru Nemendafélög og fémínistafélög framhaldsskólana boðin í eftirmiðdagskaffi á Stígamótum.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri var heimsóttur og fyrirlestur haldinn fyrir sálfræðinema í Háskólanum í Reykjavík. Ástráður félag læknanema fékk líka árlega fræðslu.

Auk fyrirlestra í skólum leituðu margir nemendur af öllum skólastigum og úr ýmsum skólum upplýsinga hjá Stígamótum og urðu heimsóknir margar.

Konur í Kvennasmiðjunni heimsóttu Stígamót og farið var með fræðslu í Félagsmiðstöð 105. Að lokum skal þess getið að allt starfsfólk Samfés hittist á Laugarvatni og hlýddi m.a. á fyrirlestur frá Stígamótum.

Önnur fræðsluverkefni

Fjöldi nemenda og hópa bæði erlendra og innlendra heimsóttu Stígamót. Má nefna formanns Félags slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, spjall með yfirmönnum Strætó um öryggi í vögnum og á biðstöðvum. Roundtable hópur heimsótti Hjálmar og Rótarý klúbbbar Breiðholts og Borgarness voru heimsóttir. Hjálmar hélt fyrirlestur á ráðstefnunni Einn blár strengur á Akureyri og Guðrún var með innlegg á fundi Jafnréttisstofu, Mannréttindastofu Íslands og Stígamóta um Ístanbúlsamninginn.

Þau Hjálmar og Erla fræddu starfsfólk Sólheima í Grímsnesi um ofbeldismál og Þórunn heimsótti Blindrafélagið í sama tilgangi.

Í tengslum við #metoo byltinguna var mikið um fyrirspurnir og beiðnir um fræðslu og má nefna að starfskonur Stígamóta sátu fund með starfsfólki Borgarleikhúss.

Hjálmar hélt fyrirlestur fyrir starfsfólk ferðaskrifstofunnar Guide to Iceland og annan fyrir norrænan vinnuhóp á vegum Sólstafa á Ísafirði. Hann ræddi í leiðinni við starfsfólk félagsþjónustunnar og aðrar fagstéttir á Ísafirði.

Hann flutti líka erindi um hlutverk karla í baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Barbershop fundinum í Norræna húsinu og á kveðju-ráðstefnu Kristínar Ástgeirsdóttur sem á árinu lét af störfum sem Jafnréttisstýra á Jafnréttisstofu.

Þeim Önnu Bentínu og Steinunni var boðið til Vestmannaeyja til þess að hitta þjóðhátíðarnefnd í tengslum við ofbeldisvarnir.

Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og Ofbeldisvarnaráðs flutti Steinunn erindi um kynferðisofbeldi gegn börnum.

Þátttaka í nefndum og ráðum ásamt öðru samstarfi

Fyrir hönd Stígamóta og Kvennaathvarfsins sat Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir í Jafnréttisráði. Hún sat í Ofbeldisvarnarráði fyrir hönd Stígamóta og í sérfræðingahópi European women's Lobby um ofbeldismál.

Guðrún Jónsdóttir sat í stjórn og framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar, í ráðgefandi stjórn WAVE samtaka kvennaathvarfa í Evrópu og í samráðshópi Norrænu kvennaathvarfasamtakanna.

Snemma árs bauð Þorsteinn Víglundsson þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra talskonu Stígamóta til fundar við sig til þess að fara yfir helstu áherslumálín.

María Rut Kristinsdóttir sem hélt utanum aðgerðaráætlun um bættu meðferð kynferðisbrota í réttarkerfinu heimsótti Stígamót til þess að að bera undir okkur hugmyndir sínar.

Andrés Ingi Jónsson nýkjörinn þingmaður Vinstri grænna heimsótti Stígamót til þess að fara yfir ofbeldismálaflokkinn og fékk skýr skilaboð um það sem gera þyrfti.

Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum

Á árinu buðu Stígamót tvisvar í eftirmiðdagskaffi. Sú leið hefur reynst árangursrík þegar okkur liggur eitthvað á hjarta, ýmist við stjórnvöld eða aðra aðila.

Annars vegar var nemendafélögum og femínistafélögum framhaldsskólanna boðið heim til þess að kveikja neista og benda þeim á að um 70% þeirra sem leita til Stígamóta segja að ofbeldið gegn þeim hafi byrjað fyrir átján ára aldur. Við því þyrfti að bregðast með aukinni fræðslu og þjónustu við ungt fólk.

Hins vegar var stórum hagsmunasamtökum fatlaðs fólks boðið heim. Það voru Sjálfsbjörg, Þroskahjálp, Geðhjálp, Blindrafélagið og Öryrkjabandalagið sem heimsóttu okkur þann 3. maí. Farið var yfir þjónustu við fólk með skerðingar og hvernig þjónustan og fræðslan gæti orðið sem best. Stungið var upp á formlegu samstarfi og jafnvel blaðauðtgáfu um ofbeldi gegn fólki með skerðingar.

Kynning ársskýrslu og opið hús á Stígamótum 30. mars

Í lok mars var ársskýrslan að venju kynnt fjölmiðlum og voru helstu fréttir mikil fjölgun nauðgunarmála. Allir helstu fjölmiðlar landsins mættu og gerðu efninu góð skil.

Rannsóknir tengdar Stígamótum

Hildur Fjöla Antonsdóttir er að vinna doktorsrannsókn um hugmyndir brotaþola kynferðisofbeldis um réttlæti. Hún fær alla þá aðstoð sem Stígamót geta veitt og Stígamótafólk fagnar því að geta deilt hugmyndum sínum og reynslu til þess að betur sé hægt að skilja og bregðast við kynferðisofbeldi.

Á árinu fékk Elsa Guðrún Sveinsdóttir aðgang að tölfraðigögnum til þess að vinna úr þeim upplýsingar og gera samanburð á afleiðingum hópnaðgana og annarra nauðgana. Um var að ræða meistararitgerð í félagsráðgjöf sem var lokið við í byrjun árs.

Fjölmiðlar

Fjölmiðlar – fjórða valdið, eru mikilvægir áhrifavaldar sem Stígamót reyna að vinna með eftir bestu getu. Allt árið var reglulega hringt og leitað eftir áliti og var því sinnt eftir bestu getu. Einnig voru skrifaðar nokkrar greinar. Nokkur málefni fengu meiri athygli en önnur.

Eins og annars staðar er sagt frá í ársskýrslunni fengu Stígamót á sig neikvæða umræðu í fjölmiðlum sem starfshópurinn tók nærri sér. Það var í kjölfar gagnrýni fyrrum starfskonu Stígamóta sem var svo studd af níu konum, þó aðeins fjórar þeirra kæmu fram undir nafni. Stígamótafólki þótti umræðan einhliða og ekki var hægt að bregðast við án þess að brjóta trúnað.

Þó réttist umræðan af í tengslum við stóra og vandaða ráðstefnu Stígamóta og Kvennaathvarfsins fyrir Norrænar konur gegn ofbeldi, en það eru norrænu kvennaathvarfasamtökin.

Fréttabréf voru send út nokkuð reglulega til stuðningsfólks Stígamóta með stuttum fréttum úr starfinu til þess að gefa innsýn í hvers eðlis starfið er. Einhver viðtöl voru við erlenda fjölmiðla og verður sagt frá því undir kaflanum um alþjóðastarf.

Áhyggjur starfsfólks um að neikvæð fjölmiðlaumræða myndi draga úr aðsókn reyndust sem betur fer ástæðulausar. Það varð sprenging í aðsókn, þannig að aldrei hafa aðrar eins tölur sést í sögu Stígamóta.

Stígamót fengu lúðurinn fyrir bestu almannaheillaauglýsinguna

Í mark samtök markaðsfólks á Íslandi efnir árlega til samkeppni um bestu auglýsingarnar í nokkrum flokkum. Auglýsingastofan Pipar og Stígamót fengu þrjár tilnefningar, í tengslum við kynningar og fjáröflunarátakið Styttum svartnættið frá árinu 2016. Lúðurinn féll í hlut Stígamóta fyrir bestu almannaheillaauglýsinguna.

Starfsfólk Stígamóta fékk á sig ásaknir

Þann 21. júní birtist opin færsla á Facebook frá Helgu Baldvinsdóttur Bjargardóttur fyrrverandi starfskonu Stígamóta. Færslan hét „Að skila skömminni“ og fjallaði um viðskilnað hennar við Stígamót árið áður. Hún bar starfsfólk þungum sökum um einelti, hópelti og ofbeldi og nefndi í því sambandi sérstaklega talskonu Stígamóta. Færslan var svo birt í öllum helstu fjölmiðlum. Lýsingar starfskonunnar fyrrverandi voru í mikilli mótsögn við upplifun starfshópsins alls á starfslokum hennar, einkum notkun hennar á hugtökunum einelti og ofbeldi. En vegna trúnaðar er það starfshópnum ómögulegt að rekja atburðarásina í fjölmiðlum.

Í kjölfarið var haft samband við vinnustaðasálfræðing, Vinnu-eftirlitið og vinnustaðalögfræðing til þess að spyrja ráða. Stígamót gáfu svo út eftirfarandi yfirlýsingu:

Yfirlýsing frá Stígamótum

Vegna frásagnar fyrrverandi starfskonu sendum við frá okkur eftirfarandi:

Það er fjarri því að Stígamót séu hafin yfir gagnrýni og það er hárrétt að vinnustaðurinn okkar er ekkert venjulegur. Okkur þykir mjög leitt að fyrrum samstarfskona okkur hafi upplifað samskipti sín við okkur sem ofbeldi og tökun málinu af fullri alvöru.

Trúnaður er forsenda starfs okkar

Verst þykir okkur að vera sökuð um trúnaðarrest gagnvart Stígamótafólki. Við höfum áhyggjur af því hvernig fréttirnar koma til þeirra og til þess fólks sem þarf á aðstoð okkar að halda í framtíðinni. Trúnaður og traust er forsenda starfs okkar.

Leið okkar til þess að vera sem faglegust og vera sem bestir ráðgjafar, er að hafa sameiginlega handleiðslu hálf mánaðarlega og hver starfsmanneskja er hvött til þess að nýta einkahandleiðslu sem má vera allt að tíu tímar á ári og meira ef á þarf að halda. Í handleiðslunni er faglærður utanaðkomandi handleiðari sem gætir hlutleysis og leiðir hópinn áfram.

Starf okkar snýst um að hlusta á lýsingar á grófum mannréttindabrotum. Þau getur verið erfitt að hýsa og bera og óhugsandi er að ræða þau utan vinnustaðarins. Í bókunarkerfinu okkar er fólk skráð undir fornafni og í handleiðslu ræðum við „mál“ ekki persónur. Stundum koma fornöfn til tals í erfiðum málum, en allur fókusinn er á málinu og hvernig best sé hægt að verða að liði. Með þessu móti fullyrðum við að hjálpin sem fólki býðst á Stígamótum er mun faglegri og betri en ef hvert og eitt okkar þættist óskeikult.

Við höfum bara hvert annað til þess að ráðfæra okkur við og velta því upp hvernig við getum best aðstoðað, hvort við höfum brugðist rétt við og hvernig við getum gert betur. Það sem hefur reynst okkur best til þess að geta hjálpað best í erfiðum málum er að hópurnir haldi á þeim saman. Það léttir alltaf á ráðgjafanum sem í hlut á hverju sinni. Þessi aðferð er alþekkt og notuð af mörgum faghópum sem vinna með svona alvarleg mál.

Um menntun og fagmennsku

Varðandi menntun starfshópsins höfum við haldið því til haga að hér hafa allir háskólamenntun. Hjá okkur vinna tveir sálfræðingar, tveir félagsráðgjafar, listmeðferðarfræðingur, náms og starfsráðgjafi, fjölskyldumeðferðarfræðingur, þrír kynjafræðingar með ýmsa aðra háskólamenntun, einn bókmenntafræðingur og einn kennari.

Fellur okkur það þungt að starfshópurinn allur hafi verið sakaður um ofbeldi og einkum að ein úr hópnum hafi verið tekin sérstaklega út í þeim efnum. Það var tekið fyrir á fundi starfshóps án þeirrar sem ásökuð er fyrir að stjórna ofbeldinu. Niðurstaða fundarins var sú að starfsfólk Stígamóta hefur ekki sömu upplifun og ber fullt traust til viðkomandi starfskonu.

Að öðru leyti getum við ekki svarað gagnrýninni nema brjóta trúnað gagnvart fyrrverandi starfskonu og það ætlum við ekki að gera, sérstaklega ekki á vettvangi fjölmiðla. Því sendum við frá okkur þessa yfirlýsingu

Reykjavík 21. júní 2017

Stjórn og starfshópur Stígamóta

Yfirlýsing níu kvenna

Í framhaldi birtist í fjölmiðlum yfirlýsing frá níu konum sem sögðust hafa starfað á vettvangi Stígamóta. Konurnar lýstu yfir stuðningi við málflutning starfskonunnar fyrrverandi, enda hefðu þær allar sambærilega reynslu af því að starfa á vettvangi Stígamóta. Yfirlýsingin var undirrituð af Thelmu Ásdísardóttur, en áðrar konur komu ekki fram undir nafni.

Í kjölfar yfirlýsingar þeirra þótti skynsamlegt og ábyrgt að láta óháðan fagaðila skoða starfsumhverfið.

Í ljósi yfirlýsingar kvennanna níu sem starfað hafa á vettvangi Stígamóta og sögðust hafa neikvæða upplifun af starfinu þá var kannað hvort þær starfskonur sem hætt hafa störfum á Stígamótum á síðustu árum væru í þeim hópi. Frá árinu 2010 hafa sex konur, utan Helgu, horfið til annarra starfa, fjórar þeirra hafa snúið til baka og vinna í dag á Stígamótum en hinar tvær könnuðust ekki við að vera í þessum hópi níu kvenna. Það er því ljóst að sá hópur er skipaður konum sem störfuðu á vettvangi Stígamóta fyrir hartnær áratug eða lengra síðan. Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum tíma og starfsemi Stígamóta þróast og breyst, því fannst okkur það heldur langt seilst að sækjast eftir sjónarmiðum kvenna sem komu að starfinu fyrir árum og jafnvel áratugum síðan. Leiðbeiningum fagaðila var því framfylgt í einu og öllu og úttektin gerð á starfsumhverfinu eins og það er í dag.

Talskona Stígamóta steig til hliðar á meðan úttekt var gerð

Í framhaldinu ákvað talskona Stígamóta að stíga til hliðar á meðan gerð væri úttekt á starfsumhverfi Stígamóta. Ákveðið var að fylgja í einu og öllu tillögum Vinnueftirlitsins sem sagði að faglegast væri að gert yrði sálfélagslegt áhættumat á vinnustaðnum. Til væri listi yfir þá aðila sem hefðu viðurkenningu Vinnueftirlitsins til þess að framkvæma slíkt mat. Haft var samband við fyrirtækið Forvarnir undir stjórn Ólafs Þórs Ævarssonar geðlæknis um að gera úttekt á vinnustaðnum.

Ljóst væri að fyrrum starfskona teldi sig hafa verið órétti beitta og hennar leið væri að sjálfsgöðu að kæra vinnustaðinn, en það gerði hún ekki.

Í kjölfarið var birt eftirfarandi yfirlýsing:

Sálfélagslegt áhættumat: Niðurstöður greiningar á starfsumhverfi Stígamóta

Stjórn og starfshópur Stígamóta hafa tekið umræðu um neikvæða starfsupplifun af fyllstu alvöru en í kjölfar hennar var leitað til vinnustaðasálfræðinga, vinnustaðalögfræðinga og Vinnueftirlitsins. Ákveðið var að ráðleggingum þeirra um fagleg viðbrögð yrði fylgt í einu og öllu.

Fyrirtæki Ólafs Þórs Ævarssonar geðlæknis, Forvarnir, sem hefur réttindi frá Vinnueftirlitinu til að gera sálfélagslegt áhættumat, var í kjölfarið fengið til að greina ástandið á vinnustaðnum. Talskona Stígamóta vék til hliðar á meðan matið fór fram.

Niðurstöður Forvarna liggja nú fyrir en þær gefa til kynna að samstaða, sveigjanleiki og góður starfsandi einkenni vinnuumhverfið hjá Stígamótum. Eftirfarandi flokkar voru kannaðir: Starfsálag; stjórnun; ofbeldi; samskipti og starfsandi; einkalíf; sveigjanleiki; og streita. Spurningarnar voru að hluta til staðlaðar samkvæmt þeim þáttum sem Vinnueftirlit ríkisins hefur mælt með en að auki voru lagðir fyrir spurningalistar sem meta ítarlegar andlega líðan, samskipti, stjórnun og streitu. Allt starfsfólk Stígamóta tók þátt í ferlinu en upplýsingar voru ónafngreindar og öruggt að þær væru ekki persónugreinanlegar í úrvinnsluferlinu. Þetta tryggir trúnað og kemur í veg fyrir þöggun.

Í samantekt á niðurstöðum matsins má lesa eftirfarandi:

„Í sálfélagslega matinu kemur fram að starfsmenn búa við talsvert starfsálag en virðast ráða vel við það og hafa góðan stuðning. Stjórnun er skýr og starfsmenn öruggir um sig. Engar vísbendingar komu fram um ofbeldi á vinnustað eins og einelti eða kynferðislega áreitni. Samskipti virðast vera með góðu móti og stuðningur í starfi er góður. Samræming einkalífs og starfs er hugleikin starfsfólki og það þarf að hafa fyrir jafnvægi á milli starfs og einkalífs sem þeim þó virðist takast ágætlega að tileinka sér. Starfsmenn njóta handleiðslu í hópi og hefur þetta vafalítið góð áhrif. Góður sveigjanleiki er í starfi fyrir starfsmenn. Streita er til staðar og stundum líka álag heima fyrir en þetta virðist ekki hafa farið úr böndum hjá neinum starfsmanni og ekki verður vart við sjúkleg streitueinkenni hjá neinum starfsmanni.“

Guðrún Jónsdóttir tekur við hlutverki talskonu á ný

Í ljósi þessara niðurstöðna þótti stjórn Stígamóta yfir allan vafa hafið að traust, trúnaður og starfsánægja ríki meðal starfsfólks Stígamóta. Ekkert gaf til kynna að einn eða fleiri starfsmenn sýndu samstarfsfólki sínu óviðeigandi hegðun, ráðríki eða yfirgang. Í framhaldinu óskaði stjórn Stígamóta í samráði við starfshópinn eftir því að Guðrún Jónsdóttir tæki við hlutverki talskonu á ný. Samþykkti Guðrún að verða við því.

Sálfélagslega áhættumatinu fylgdu tillögur um hvernig matið gæti nýst við eflingu starfsumhverfisins á Stígamótum. Ein þeirra snéri að því að gerð yrði forvarnaáætlun samkvæmt lögum um vinnuvernd. Hún innihéldi fræðslu um streitu, forvarnir, samskipti, einelti og kynferðislega áreitni ásamt skýrum leiðbeiningum um viðbrögð komi slíkt upp. Forvarnaráætlunin var gerð í samvinnu við Forvarnir og sérfræðingar Forvarna héldu fyrirlestra fyrir starfsfólk Stígamóta og tóku að sér að vera óháði aðillinn sem starfsfólk gæti leitað til ef það teldi á sér brotið.

ALÞJÓÐASTARF

STÍGAMÓT ERU VIRKIR ÞÁTTTAKENDUR Í NORRÆNUM, EVRÓPSKUM OG ALÞJÓÐLEGUM SAMTÖKUM. ÞVÍ FYLGIR BÆÐI VINNA, EN FYRST OG FREMST SÚ GÓÐA TILFINNING AÐ VIÐ FYLGJUMST MEÐ STEFNUM OG STRAUMUM, SÉUM UPPLÝST OG LEGGJUM EITTHVAÐ AF MÖRKUM TIL ÞESS AÐ BÆTA HEIMINN.

Raddirnar, ráðstefna Stígamóta, Kvennaathvarfs og Norrænna kvenna gegn ofbeldi

Stærsta verkefni ársins var ráðstefna Norrænu kvennaathvarfahreyfingarinnar sem Stígamót skipulögðu í sjötta sinn. Um var að ræða fjölsóttustu ráðstefnuna sem samtökin hafa haldið til þessa frá árinu 1994. Gestir voru 350 og því miður varð að vísa mörgum frá vegna plássleysis.

Kvennaathvarfið stóð að ráðstefnunni með Stígamótum og var kastljósið á fólkinu sem nýtir þjónustu okkar. Hvað þeim finnst og hvernig þeim finnst þjónustan eiga að vera. Ráðstefnugestir sýndu mikla ánægju og allt skipulag gekk upp. Meðfylgjandi er dagskráin sem segir ýmislegt um innihaldið.

*Grand hotel, Reykjavík
1 – 3. september 2017*

NORDISKE KVINNER MOT VOLD 2017

STEMMEN

– voldsutsattes synspunkter, behov og rolle



VELKOMMEN TIL NORDISKE KVINNER MOT VOLD 2017

*Grand hotel, Reykjavík***STEMMENE**

– voldsutsattes synspunkter, behov og rolle

PRAKTISKE OPLYSNINGER

Registrering og information på Grand Hotel er åben:

Fredag den 1. september kl. 15:00-19:00

Lørdag den 2. september kl. 08:30-17:00

Søndag den 3. september kl. 09:00-13:00

KONGRESMÆRKER

Alle deltagere bedes venligst bære sine kongresmærker under hele mødet og ved sociale aktiviteter.

GALA DINNER – BUS TRANSPORT DEN 2. SEPTEMBER TIL GULLHAMRAR:

Kl. 18:30	Grand Hotel
Kl. 18:30	Hotel Cabin
Kl. 18:30	Hotel Ísland
Kl. 18:30	KEA Reykjavik Lights

FRA GULLHAMRAR TIL ALLE HOTELLER:

Kl. 22:00
 Kl. 22:30
 Kl. 23:00
 Kl. 23:30

OBS! De som ikke bor på ovennævnte hoteller bedes venligs møde op senest kl. 18:20 på Grand Hotel.



KL. FREDAG 1. SEPTEMBER

13.00–15.00	Åpent hus i Stigamot , <i>Laugavegur 170, 2. etasje</i> <i>og i Krisesentret, (hemmelig adresse) telefon +354 561 1205</i>
15.00–16.00	Registrering på Grand hotel
16.00–16.10	Velkomst, Gudrun Jonsdottir talskvinne for Stigamot
Mikrofonen går til	Elin Hulda Hardardottir
16.10–16.30	Åpning, Thorsteinn Viglundsson sosial- og likestillingsminister
16.30–18.30	<i>Landpresentasjoner: Sverige, Grønland, Finland, Island,</i> <i>Norge, Færøyene, Danmark</i>
20.00	Middag på Grand hotel

KL. LØRDAG 2. SEPTEMBER

Mikrofonen går til	Jenny Kristin Valberg
09.00–09.50	Hildur Fjola Antonsdottir: <i>Seeking Justice by Fighting for and Claiming Space</i>
Mikrofonen går til	Sigrun Bragadottir
09.50–10.40	Denise Cresso: <i>Osynliga och extra utsatta - konsekvenser av att vara</i> <i>utsatt, kvinna och ha en funktionsnedsättning</i>
10.40–11.10	Kaffepause
Mikrofonen går til	Asgerður Johannesdóttir
11.10–12.00	Liz Kelly: <i>Knowers, needers, change makers: survivors at the heart of</i> <i>movements to end violence against women</i>
12.00–13.30	Lunsj
13.30–15.00	Workshops I
15.00–15.30	Kaffepause
15.30–17.00	Workshops II

GALA DINNER

18.30	Busser fra hotellene til festmiddagen: Gullhamrar, Þjóðhildarstígur 2, 113 Reykjavík
18.30–19.30	Sosial- og likestillingsminister Thorsteinn Viglundsson inviterer til mottakelse
19.30–22.00	Festmiddag med underholdning
21.30–23.00	Busse tilbake til hotellene

KL. SØNDAG 3. SEPTEMBER

Mikrofonen går til	Anna Lara Orłowska
09.30–10.20	Wanja Jeanette Sæther <i>Stemmene til norske krisesenterbarn</i>
Mikrofonen går til	Eva Dis Thordardottir
10.20–11.10	Rachel Moran: <i>The Human Rights Violation of Prostitution</i>
11.10–11.40	Kaffepause
Mikrofonen går til	Sigridur Larusdottir
11.40 – 12.30	Thordis Elva Thorvaldsdottir: <i>Konfrontationen med min förövare och senare världen</i>
12.30 – 12.40	Avslutning

Kl.	Lokale:	
13.30 15.00	Setur	Rettighedstegninger for børn på krisecenter Om børn på krisecenter og om udførelse af en rettighedsplakat, et rettighedspuslespil og tegneworkshops. <i>Lone Dorph-Petersen, børnerådgiver på Ringsted Krisecenter og medlem af LOKKs børnegruppe. Kirsten Hejnfelt, forstander på Ringsted Krisecenter og bestyrelsesmedlem i LOKK.</i>
	Hvammur	Bakom fasaden – skapandet av en viral succé Många kvinnojourer drömmer om att nå ut till fler stödsökande. Kvinnojouren Ellinor i Linköping, SE, satsade stort, och nådde långt fler än någon vågat hoppas på. Samtidigt skapades en spontan plattform där utsatta och före detta utsatta gör sina röster hörda. <i>Katinka Ingves anställd på Kvinnojouren Ellinor Linköping</i>
	Gallerí	Å snakke om vold; vi snakker om vold med barn på krisesenter men hvad med dem som ikke kommer? Nye arbeidsprosesser med hensyn til barn, tegnefilmen <i>La oss snakke om vold</i> og prosjektet <i>Å snakke om vold; også på landsbygda</i>. <i>Sigthrudur Gudmundsdottir, direktør av Kvennaathvarfid og Unnur Svava Johannsdottir, rådgiver ved Kvennaathvarfid</i>
	Konferanserom A	Mobilising survivors in advocacy Ideas and ways of increasing the participation of survivors in the work against violence. Examples from developing outreach work, daytime support centres and lobbying to change structures in Finland. <i>Sari Laaksonen utvecklingschef för Förbundet för mödra- och skyddshem i Finland</i>
	Konferanserom B	Papperslösa kvinnor och barn: Rätt till stöd och skydd Ett exempel från Malmö som har särskilda platser för kvinnor som lever i SE utan uppehållstillstånd. <i>Katarina Silver, ATIM Kvinno- och Ungdomsjour i Malmö</i>
15.00 – 15.30		Kaffepause

Kl.	Lokale:	
15.30 –17.00	Setur	Rettighedstegninger for børn på krisecenter Om børn på krisecenter og om udførelse af en rettighedsplakat, et rettighedspuslespil og tegneworkshops. <i>Lone Dorph-Petersen, børnerådgiver på Ringsted Krisecenter og medlem af LOKKs børnegruppe. Kirsten Hejnfelt, forstander på Ringsted Krisecenter og bestyrelsesmedlem i LOKK.</i>
	Hvammur	Att läka psykologiska och själsliga skador efter incest och andra sexuella övergrepp Sexuella övergrepp är ett integritetsbrott som skadar människor på ett djupt plan och behöver hanteras därefter på såväl individ- som samhällsnivå. I denna workshop pratar vi kring förekomsten av sexuella övergrepp, konsekvenser, vägar till läkning och vikten av rätt bemötande. <i>Hermine Holm – verksamhetsansvarig Rise & styrelseledamot i Wonsa-world of no sexual abuse</i>
	Gallerí	Bjarkarhlíð – Family Justice Center for survivors of violence. <i>Ragna Björg Gudbrandsdóttir, daglig leder av Bjarkarhlíð, Karen Linda Eiríksdóttir, rådgiver ved Stigamot og Alda Hrönn Johannsdóttir, chief attorney Reykjavik Metropolitan Police.</i>
	Konferanserom A	Våld och vårdnad Granskning av domar för att se hur mäns våld inom familjen påverkar utgången i en vårdnadstvist. <i>ROKS og Eva Diesen jurist och forskare</i>
	Konferanserom B	Unizons våldspreventionsguide – att förebygga män och killars våld ur ett jourperspektiv <i>Olga Persson, generalsekreterare Unizon och Rebecka Andersson, verksamhetsutvecklare förebyggande arbete Unizon</i>



Denise Cresso utbildar och håller föreläsningar om mäns våld mot kvinnor. Hun har spetskompetens om våld mot kvinnor med funktionsnedsättning samt tillgänglighet. På hennes fritid är hun ordförande för en idrottsförening för personer med synnedsättning.



Hildur Fjola Antonsdottir is a PhD Candidate at the Sociology of Law Department, Lund University. She is working on a PhD thesis on the meaning of justice for people who have been subjected to sexual violence and how this knowledge can be used to expand and develop strategies which could meet the justice needs and interests of victim-survivors in- and outside the criminal justice system. She has previously conducted research on the processing of rape cases within the Icelandic criminal justice system and worked on sexual violence policy and projects within the field of international development.



Wanja J. Sæther er sosialarbeider, og leder det største krisesenteret i Nordland i Salten (Bodø by). Hun har bred erfaring og har jobbet med ungdom med ulike utfordringer, på sosialkontor, med rusproblematikk og psykiske lidelser, arbeidsløshet, hjemløse, samt økonomiske og sosiale utfordringer. Hun har også vært leder for barneverntjenesten. Wanja har vært aktiv i kampen mot vold i hjemmet i mange år, og er medlem i Krisesentersekretariatet og Etisk Råd. I NO er hun anerkjent for sitt engasjement, og kampen for sårbare grupper, da særlig kvinner og barn.



Thordis Elva is an award-winning writer, an entrepreneur and a public speaker, who was voted Woman of the Year 2015 by the Federation of Women's Societies in Reykjavík due to her work towards gender equality. Her recent book, "South of Forgiveness" is a non-fiction narrative about how she was raped at the age of 16 by her first boyfriend, Tom Stranger, who co-authored the book with her. Following a viral TED Talk in February 2017, Thordis has since addressed audiences worldwide with the hope that her story can raise awareness of sexual violence and underline the importance of consent.



Liz Kelly is a feminist activist and researcher who has worked on violence against women for 40 years – establishing a shelter and rape crisis centre, building an internationally recognised research centre (the Child and Woman Abuse Studies Unit) and co-chairing the unique coalition, End Violence against Women (EVAW). A constant theme in her work has been the critical importance of listening to and standing alongside survivors. <http://cwasu.org/>



Rachel Moran is an international speaker and abolitionist activist. She is the founding member of SPACE International (Survivors of Prostitution Abuse Calling for Enlightenment) and author of the bestselling 'Paid For - My Journey Through Prostitution'. She was instrumental in bringing the Abolitionist (Nordic) Model to Ireland in two separate processes in the Republic of Ireland and Northern Ireland, and has identified and unified the more politically crucial voices in overseeing the recent emergence of the international survivors movement, which calls for the implementation of the Abolitionist Model across the world.

ERLENDAR HEIMSÓKNIR Á STÍGAMÓT

Erlendir gestir voru tíðir á Stígamótum. Á hverju ári gera bandarísk stjórnvöld skýrslu um mansal á heimsvísu og tókum við á móti starfsfólki bandaríska sendiráðsins sem var að safna upplýsingum um stöðu þessara mála á Íslandi.

Árlega hafa nemendur Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna heim-sótt Stígamót og fengið fyrirlestra um innra starfið og pólitískt starf.

Hópar frá Rússlandi, Póllandi, Hollandi og Grikklandi heimsóttu Stígamót. Aðrir kærkomnir gestir voru Jessica Neuworth, sem stofnaði Equality Now! og Purna Sen sem er framkvæmdastýra stefnumörkunardeildarinnar hjá UN Women.

Pragna Patel formaður Southall Black Sisters í London kynnti sér starfsemina og sama gerði Renée Gerlich sem kom alla leið frá Nýja Sjálandi.

Erlendir fjölmiðlar

Einhverra hluta vegna hefur vaknað mikill áhugi erlendis fyrir kvinnaverkfallinu á Íslandi árið 1975. Konur víða um heim hafa farið í viðamikil verkföll og hafa horft til Íslands sem fyrir-myndar. Talskona Stígamóta fór í mörg viðtöl um þátttöku sína í verkfallinu, en sagði í leiðinni frá þróuninni og starfsemi Stígamóta. Pamela Hogan er að gera heimildarmynd í fullri lengd um verkfallið og heimsótti Stígamót tvisvar, la Monde tók viðtal og sama gerði spænskur fjölmiðill. Sató frá Finnlandi tók viðtal um skandalinn um uppreist æru sem felldi ríkisstjórnina. Að lokum má nefna klukkutíma útvarpsviðtal við Guðrúnu hjá Women's Liberation Radio sem Renée Gerlich tók í Íslandsheimsókn sinni, <https://wlrnmedia.wordpress.com/2017/09/05/renee-gerlich-interview-with-gudrun-jonsdottir/>.

Stígamót taka virkan þátt í alþjóðasamtökum

Þó Ísland sé ekki í Evrópusambandinu, þá eiga Stígamót samt fulltrúa í Observatory - sérfræðingahópi um ofbeldismál innan European Women's Lobby. En EWL eru stærstu regnhlífarsamtök kvinnasamtaka í Evrópu og ánægjulega róttæk. Hópur sem hefur komið ýmsu í verk á liðnum árum, svo sem að búa til nauðgunar-vogina og fleira. Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir hefur nú tekið við af Guðrúnu sem sérfræðingur Stígamóta í hópnum.

Guðrún er fulltrúi Íslands í ráðgefandi stjórn WAVE sem eru samtök Evrópsku kvennaathvarfanna. Innan WAVE eru árlegar ráðstefnur og stefnumarkandi fundir.

Guðrún tók þátt í vinnuhópi innan WAVE sem vinnur að því að gera kynferðisofbeldi og þar með talið klám og vændi að viðfangsefni WAVE en hingað til hafa samtökin fyrst og fremst beitt sér gegn ofbeldi í parsamböndum.

Guðrún tekur líka virkan þátt í Nordiske kvinner mot vold, en fulltrúar kvennaathvarfasamtaka Norðurlandanna hittast árlega, leggja drög að ráðstefnum næsta árs, skiptast á fréttum af því sem er efst á baugi í hverju landi fyrir sig og styðja hver aðra þegar á þarf að halda í pólitískum stórvörðum og baráttu fyrir fjármagni.

Þátttaka í ráðstefnum og fundum erlendis

Að venju tók starfshópurinn þátt í ýmsum ráðstefnum og fundum utan landssteinanna. Þannig fór Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir á fund í sérfræðingahópi European Women's Lobby í Brussel, en hún á sæti í sérfræðingahópnum sem kallast The Observatory.

Karen Linda sem tekur ráðgjafarviðtöl í Bjarkarhlíð fyrir hönd Stígamóta fór á 17. Ráðstefnu Family Justice Centre í Milwaukee dagana 4.-6. apríl ásamt starfsfólki Bjarkarhlíðar.

Hjálmar fór fyrir hönd Stígamóta á karlafræðiráðstefnu í Örebro í Svíþjóð. Erla og Björg fóru á ráðstefnu í London sem bar yfirskriftina: Supporting Survivors of Sexual Violence in Universities, sem haldinn var 9. nóvember. Jafnframt heimsóttu þær Rape Crisis Center í Norður-London og samtök sem nefnast Solace womens aid. Þar fengu þær kynningu á þeirri starfsemi sem fram fer og hvaða stuðning er verið að bjóða konum og börnum sem hafa upplifað heimilis- og kynferðisofbeldi.

Þær Karen Linda, Anna Bentína og Guðrún fóru á WAVE ráðstefnuna sem þetta árið var haldin í Búdapest í Ungverjalandi. Þar stýrði Guðrún málstofu um kynferðisofbeldi og sat vinnufundi starfshóps um sama þema á vegum samtakanna. Á ráðstefnunni var rætt um hlutverk og mikilvægi vitna að kynferðisofbeldi, hvernig hægt sé að virkja fólk til þess að grípa inn í og skipta sér að. Netofbeldi var annar áhugaverður liður á ráðstefnunni svo eitthvað sé nefnt.

Guðrúnu var boðið að taka þátt í Women of the World festival í London. Þar hélt hún erindi um réttarkerfið íslenska og möguleikana á að ráðast í hópkerur gegn íslenska ríkinu. Hún tók líka þátt í lokahátíðinni þar sem hún var spurð spjörunum úr um baráttuna og sérstaklega kvinnaverkfallið árið 1975 á Íslandi.



Frá aðgerðum European Women's Lobby í Brussel.

Guðrún fór í apríl á fund ráðgefandi stjórnar WAVE sem haldinn var í Vín í Austurríki. Mikill tími fór í að ræða lýðræði í samtökunum, nýjar áherslur og kynferðisofbeldi sérstaklega.

Guðrún var boðið að flytja innlegg á fundi Öryggis og samvinnustofnunar Evrópu í Varsjá í Póllandi dagana 10.-14. október. Fundurinn fjallaði um mansal og börn og vakti Guðrún athygli á börnum kvenna sem seldar hafa verið mansali og hafa ekki verið á dagskrá hjá þeim sem með mandsmál fara. Benti hún á mikilvægi þess að öryggi þeirra væri gætt og að tryggt væri að þau væru ekki látin reka um heiminn með mæðrum sínum sem lítið sem ekkert hafa að segja um hvar þær lenda. Þannig þyrfti að taka sérstakt tillit til þess þegar konur sem grunur leikur á að hafi verið seldar mansali ferðist með börn.

Guðrún hélt líka erindi á World Economic Forum sem haldin var í Veröld á Íslandi 19.-20. október.



Guðrún sótti árlegan fund í samráðshópi Norræna kvenna gegn ofbeldi sem haldinn var í Helsinki í byrjun desember. Þar er farið yfir þau mál sem helst brenna á samtökunum í hverju landi fyrir sig og þema næstu ráðstefnu ákveðið. Að sjálfsögðu var #metoo byltingin helsta fréttæfnið og ákveðið að þema ráðstefnu næsta árs muni fjalla um hvað taki við eftir #metoo afhjúpanirnar. Ráðstefnan verður haldin í Helsinki 7.-9. september árið 2018.

Síðasta ráðstefna ársins var svo ráðstefna á vegum International Development Law Organization (IDLO) í Túnis. Markmiðið var að stuðla að fjölgun kvennaathvarfa í landinu og styrkja þá starfsemi sem fyrir er. Guðrún hélt tvö erindi þar, annars vegar reyndi hún að deila því besta í starfsemi Stígamóta og hins vegar talaði hún um drusluskömmun og mikilvægi þess að afnema hana.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 28 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldinu og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sifjaspellum, nauðgunum, nauðgunartilraunum, klámi (klámefni), vændi, kynferðislegri áreitni og stafrænu kynferðisofbeldi sem til viðmiðunar eru við tölfraðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

Sifjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekkert slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun eða nauðgunartilraun skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver hefur eða gerir tilraun til að hafa samræði/eða önnur kynferðismök við manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.

Klámefni er beitt sem kynferðisofbeldi þegar einhver notar klámefni til að misbjóða manneskju á einhvern hátt. Eða þegar klám-notkun einhvers misbyður manneskju á einhvern hátt.

Vændi/mansal skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einstaklingur/eða þriðji aðili þiggur einhverskonar greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynferðislega athöfn/athafnir.

Kynferðislega áreitni skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver sýnir manneskju kynferðislega hegðun sem er særandi og er gegn vilja hennar. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Stafrænt kynferðisofbeldi skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver birtir, dreifir eða geymir eða hótar að birta, dreifa eða geyma texta og/eða myndefni til dæmis ljósmyndir, kvikmyndir- eða sambærilegt efni þar sem manneskja er sýnd nakin/n eða á kynferðislegan hátt gegn vilja hennar.

Á árinu 2017 leituðu 969 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 453 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá voru 74 nýir aðstandendur sem leituðu til Stígamóta og þar af voru 31 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2017 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggja um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Í þau 28 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 8.321¹ einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 11.890 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2017 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum og á vefsíðu Stígamóta, www.stigamot.is.

1. Heildarfjöldi einstaklinga frá stofnun Stígamóta er fenginn með því að leggja heildarfjölda nýrra brotþola og heildarfjölda nýrra aðstandanda árið 2017 við heildarfjölda einstaklinga frá stofnun Stígamóta sem fram kemur í Ársskýrslu Stígamóta árið 2016. Árið 2017 höfðu hins vegar 5 af nýjum brotþolum komið á Stígamót áður sem aðstandendur og dragast því 5 einstaklingar frá í tölunni hér fyrir ofan. Einnig höfðu 2 aðstandendur komið áður á Stígamót sem brotþolar og dragast þeir því líka frá tölunni hér að ofan.

Tafla 1. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2017

Ný mál - brotapolar komu sjálfir ²	453
Upplýsingar um ný mál gegnum aðstandendur	31
Heildarfjöldi ofbeldismanna ³	730
Fjöldi nýrra aðstandenda	74
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	969
Heildarfjöldi viðtala	3.091

Í töflu 1 kemur fram að árið 2017 voru 453 ný mál þar sem brotapolar sjálfir komu með mál sín til Stígamóta. Þetta er um 30% aukning slíkra mála frá árinu áður, en þá voru ný mál brotþola 349. Þegar litið er lengra aftur kemur fram að aldrei hafa fleiri einstaklingar leitað til Stígamóta í fyrsta skipti vegna sinna mála frá stofnun samtakanna.

Árið 2017 leituðu 74 nýir aðstandendur til Stígamóta borið saman við 61 árið 2016, sem var aukning um 21%. Árið 2013 var hinsvegar fjöldi nýrra aðstandenda hærri, en þá voru þeir 78. Fjöldi nýrra aðstandenda árið 2017 er því um 5% færri borið saman við árið 2013, en þá hafði heildarfjöldi nýrra aðstandenda á einu ári ekki verið hærri síðan árið 1991.

Þegar ný mál, bæði frá brotapolum og aðstandendum, eru lögð saman verður heildarfjöldi nýrra mála 484 sem er 112 málum fleiri en árið 2016, sem er um 30% aukning á milli ára. Aldrei hafa komið fleiri ný mál til Stígamóta frá stofnun samtakanna.

Ofbeldismenn eru nú 730, sem er tæplega 28% aukning frá árinu 2016 en þá voru ofbeldismenn 571.

Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl til Stígamóta árið 2017 var 969, sem er um 48% fleiri en árið 2016 en þá var heildarfjöldi einstaklinga 654. Þetta er mestur fjöldi einstaklinga sem komið hafa í viðtöl á einu ári frá stofnun Stígamóta.

Heildarfjöldi viðtala árið 2017 var 3.091, sem er um 37,4% aukning frá árinu 2016 en þá var heildarfjöldi viðtala 2.249. Heildarfjöldi viðtala á einu ári hefur ekki verið hærri frá stofnun Stígamóta. Ekki lágu fyrir upplýsingar um heildarfjölda viðtala í ársskýrslu Stígamóta frá árinu 1997 og er það ár því ekki með í þessari samantekt.

Ef ofangreindar upplýsingar eru dregnar saman fyrir árið 2017, kemur fram að heildarfjöldi nýrra brotþola, nýrra mála, heildarfjöldi allra einstaklinga sem komu í viðtöl (bæði þeir sem komu í fyrsta skipti árið 2017 og þeir sem höfðu komið fyrir árið 2017 og fylgt okkur á milli ára) og heildarfjöldi viðtala hefur aldrei verið hærri.

Líklegt er að sjónvarpssöfnun fyrir starfsemi Stígamóta og vitundarvakning um kynferðisofbeldi sem Stígamót stóðu að í nóvember árið 2016 hafi leitt til þess að fleiri einstaklingar sóttu viðtöl í fyrsta skipti vegna sinna mála. Einnig er líklegt að almenn umræða og vitundarvakning í samfélaginu árið 2017 til dæmis „Me to“ byltingin hafi leitt til að fleiri einstaklingar sóttu viðtöl. Stígamót hófu samstarf við Bjarkarhlíð sem er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og gæti það samstarf einnig hafa leitt til að fleiri sóttu þjónustu Stígamóta. Á árinu hófu Stígamóta að senda sms áminningu um viðtöl til þeirra sem sóttu viðtölin (fólki bauðst að fá áminningu ef það vildi) og gæti það hafa skilað sér í auknum fjölda viðtala og einstaklinga.

Meðferð tölulegra gagna

Eins og í ársskýrslum síðustu ára eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Þegar upplýsingar eru breyttar vegna nýrra aðferða við gagnasöfnun er þess getið í texta.

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir tölfræðilegum upplýsingum um brotþola sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2017.

Eins og fram kom hér að ofan hóf Stígamót samstarf við Bjarkarhlíð sem er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á árinu 2017. Ráðgjafar frá Stígamótum veittu vikulega viðtöl fyrir þolendur kynferðisofbeldis í Bjarkarhlíð frá því að miðstöðin opnaði í mars árið 2017. Árið 2017 sóttu 50 einstaklingar af þeim 453 sem komu til Stígamóta í fyrsta skipti, viðtöl til ráðgjafa Stígamóta í Bjarkarhlíð vegna kynferðisofbeldis sem þeir höfðu verið beittir. Þessir einstaklingar voru að koma í fyrsta skipti í viðtöl til Stígamóta. Upplýsingar um 13 þessara einstaklinga eru með í þeim tölfræðilegu upplýsingum sem gerð verður grein fyrir í þessari skýrslu. Skýrslur vantaði frá 37 einstaklingum sem komu til Stígamóta í gegnum Bjarkarhlíð og eru því ekki með í þeim tölfræðilegu upplýsingum sem gerð verður grein fyrir í þessari skýrslu. En upplýsingar um þessa 37 einstaklinga eru með í töflu 2 og mynd 2 þar sem þær upplýsingar lágu fyrir.

- Heildarfjöldi nýrra mála var 453 en 37 skýrslur voru ekki fylltar út og því ómarktækar. Þess vegna byggir tölfræði úrvinnsla um brotþola á 416 skýrslum. Hins vegar lágu fyrir upplýsingar um kyn og í hvaða mánuði brotþoli kom til Stígamóta í fyrsta skipti í þessum 37 skýrslum sem ekki voru fylltar út, þess vegna er heildarfjöldi einstaklinga hærri eða 453 einstaklingar í töflu 2 og mynd 2. Eins og áður segir er öll önnur tölfræði úrvinnsla um brotþola byggð á þeim 416 skýrslum sem fylltar voru út.
- Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 730, bæði ný mál og upplýsingar um ný mál frá aðstandendum. Eins og fram hefur komið vantaði 37 komuskýrslur og þá um leið allar upplýsingar um ofbeldismenn í þeim málum en hér er miðað við einn ofbeldismann fyrir hverja glataða skýrslu (sem er lágmarkstalning). Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamóta í gegnum aðstandendur, en hér er talinn einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning). Því er hægt að segja með vissu að ofbeldismennirnir hafi verið 730 en hins vegar byggja tölfræðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 662 skýrslum sem lágu fyrir um ofbeldismenn. Þess ber að geta að í einhverjum tilfellum gáfu brotþolar ekki upplýsingar um alla ofbeldismenn. Ástæða þess gat til dæmis verið að þeir vissu ekki hve margir þeir voru eða það átti ekki við, eins og til dæmis í vændis- og mansalsmálum.

Tafla 2. Skipting einstaklinga eftir kyni

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	54	11,9%
Kona	395	87,2%
Kyn annað	4	0,9%
Alls	453	100%

Tafla 2 sýnir fjölda og hlutfall einstaklinga skipt eftir kyni. Eins og árin á undan leituðu fleiri konur en karlar til Stígamóta árið 2017. Svipað hlutfall karla og kvenna leitaði til Stígamóta árið 2017 og árið 2016 eða um 12% karlar og í kringum 87% konur. Fjórir einstaklingar skilgreindu kyn sitt á annan hátt árið 2017 eða 0,9%.

Tafla 3. Þjóðerni brotapolu

	Fjöldi	Hlutfall
Íslendingur	394	94,7%
Blandað þjóðerni	6	1,4%
Frá öðrum löndum	15	3,6%
Upplýsingar vantar	1	0,2%
Alls	416	100%

Tafla 3 sýnir að flestir þeirra sem komu til Stígamóta árið 2017 voru íslenskir eða tæp 95%. Þetta er svipað hlutfall og árin 2008 til 2016

Tafla 4. Byr brotapolu við einhverja af eftirtöldum skerðingum: þroskahömlun, hreyfihömlun, blindu/sjónskerðingu, geðsjúkdóm, einhverfu, heyrnarskerðingu eða aðra skerðingu

	Fjöldi	Hlutfall
By ekki við neina skerðingu	223	53,6%
By við skerðingu/ar en er ekki metin til örorku vegna hennar/þeirra	95	22,8%
By við skerðingu/ar og er metin til örorku vegna hennar/þeirra	36	8,7%
By við skerðingu/ar en ekki er vitað hvort viðkomandi er metin til örorku vegna hennar/þeirra	33	7,9%
Upplýsingar vantar	29	7,0%
Alls	416	100%

Tafla 4 sýnir að 39,4% einstaklinga sem leitaði til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2017 vegna sinna mála, bjó við einhverja af ofangreindum skerðingum óháð því hvort þeir voru metnir til örorku vegna hennar/þeirra eða ekki. Tafla 4 sýnir að 8,7% þeirra sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2017 vegna sinna mála og þjuggu við einhverja af ofangreindum skerðingum voru metnir til örorku vegna hennar/þeirra. Tafla 4 og 5 eru settar upp með öðrum hætti nú fyrir árið 2017 en þær voru settar upp í ársskýrslu ársins 2016 og eru því ekki sambærilegar.

Tafla 5. Skerðing skipt eftir hvort brotapolu var metinn til örorku vegna hennar


	Metinn til örorku		Ekki metinn til örorku og óvist		Alls	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Þroskahömlun	2	5,7	2	1,6	4	2,5
Hreyfihömlun	3	8,6	1	0,8	4	2,5
Blinda/sjónskerðing	1	2,9	6	4,7	7	4,3
Geðsjúkdóm	26	74,3	109	85,2	135	82,8
Einhverfu	2	5,7	2	1,6	4	2,5
Heyrnarleysi/-skerðingu	2	5,7	3	2,3	5	3,1
Annað	11	31,4	18	14,1	29	17,8
Fjöldi einstaklinga	35		128		163	

Hlutfallið í töflu 5 miðast við 35 einstaklinga sem búa við skerðingu og eru metnir til örorku vegna hennar og þá 128 einstaklinga sem nefndu að þeir búa við skerðingu en eru ekki metnir til örorku vegna hennar eða eru ekki vissir um það. Upplýsingar um skerðingar vantaði hjá 1 sem merkti við að hann búi við skerðingu og sé metinn til örorku vegna hennar, þess vegna er heildartalan 35 en ekki 36.


Í töflu 5 byggist fjöldi þeirra með skerðingar eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir

um bæði hvort brotapolu búi við skerðingar og hvort brotapolu er metinn til örorku vegna skerðingar, þannig að ef upplýsingar vantaði hjá brotapolu um annað hvort að hann búi við skerðingu og/eða hvort hann er metinn til örorku vegna skerðingar þá teljast þeir brotapolur ekki með í þessum töflum. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Markmiðið með þessum tveimur ofangreindu töflum er að fá betri mynd af því hversu vel Stígamót nær til fólks með skerðingar og fá betri mynd af því hvaða hópa við þurfum að reyna að ná betur til og auka aðgengi fyrir.



Mynd 1. Fjöldi nýrra mála frá upphafi



Mynd 2. Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2017

Tafla 6. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2017

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	170	23,4%
Nauðgun	264	36,3%
Nauðgunartilraun	59	8,1%
Klám	21	2,9%
Vændi	13	1,8%
Kynferðisleg áreitni	131	18,0%
Stafrænt kynferðisofbeldi	52	7,1%
Annað	18	2,5%
Alls	728	100%


Tafla 6 sýnir ástæður þess að einstaklingar leita til Stígamóta árið 2017. Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (416).

Eins og tafla 6 sýnir eru nauðgun, nauðgunartilraun og sifjaspell um 67,8% þeirra ástæðna sem tilgreindar eru fyrir komu á Stígamót. Athygli vekur hve margir leita til Stígamóta vegna kynferðislegrar áreitni eða 18%.

Þetta eru svipaðar niðurstöður og árið 2016.

Mynd 1 sýnir fjölda nýrra mála sem árlega hafa komið inn á borð til Stígamóta undanfarin 28 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahús var stofnað í nóvember 1998. Mynd 1 sýnir að árið 2017 voru ný mál 484, sem er 112 málum fleiri en árið 2016, sem er um 30% aukning milli ára. Aldrei hafa komið fleiri ný mál til Stígamóta frá stofnun Stígamóta.


Aðsókn í viðtöl er breytileg á milli ára og mánaða og því erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Mynd 2 sýnir að fjöldi nýrra viðtala var hæstur í mars (59 viðtöl) og nóvember (53 viðtöl). Í mars voru ný viðtöl 59 og í nóvember voru þau 53, ekki hafa áður verið fleiri ný viðtöl í einum mánuði frá því árið 1999 þegar þetta var fyrst athugað. Mynd 2 sýnir að fjöldi nýrra viðtala var mikill allt árið 2017. Fjöldi nýrra viðtala var lítill í júlí og ágúst sem sennilega er tilkomin vegna sumarfría. Það er svipað og fyrri ár þar sem fjöldi nýrra viðtala er yfirleitt minni yfir sumar-mánuðina.



Mynd 3. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2017

Um klám og vændi


Einstaklingar sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2017 vegna klámnotkunar sem misbauð þeim voru 21 (2 karlar, 18 konur og 1 sem skilgreinir kyn sitt á annan hátt). Þetta eru 11 fleiri einstaklingar en leituðu til Stígamóta vegna kláms árið 2016. Árið 2017 leituðu 13 einstaklingar (12 konur og 1 sem skilgreinir kyn sitt á annan hátt) til Stígamóta í fyrsta skipti vegna vændis, þetta eru 9 fleiri einstaklingar en leituðu til Stígamóta vegna vændis árið 2016 en þá voru þeir 4. Vitað er að árið 2017 voru einnig í viðtölum meðal annars vegna vændis og/eða kláms, um 9 einstaklingar (allt konur) sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta fyrir árið 2017. Þessir einstaklingar höfðu því fylgt okkur á milli ára. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að vændi er oft falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.



Mynd 4. Samanburður milli ára á ástæðum þess að leitað var til Stígamóta

Mynd 4 sýnir ástæður fyrir komu einstaklinga til Stígamóta síðustu fimm árin. Hlutföllin í myndinni miðast við þau tilvik þar sem einstaklingar tilgreindu síðjaspell, nauðgun, nauðgunartilraun, kynferðislega áreitni, klám og vændi sem ástæðu komu hvert ár. Eins og sést á mynd 4 tilgreindu flestir einstaklingar nauðgun sem ástæðu komu og næst flestir tilgreindu síðjaspell síðastliðin fimm ár. Einnig var kynferðisleg áreitni oft tilgreind sem ástæða komu. Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að svarmöguleikar fyrir ástæðu komu breyttust árið 2016, þegar stafrænu kynferðisofbeldi var bætt við, en það er ekki tekið með í mynd 4.

Stafrænt kynferðisofbeldi



Mynd 5. Hefur texta og/eða myndefni til dæmis ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegu efni þar sem viðkomandi er sýnd/ur nakin/n eða á kynferðislegan hátt verið birt, dreift eða geymt gegn vilja viðkomandi

Mynd 5 sýnir að 11,5% hafa upplifað að texta og eða myndefni til dæmis ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegu efni þar sem þau voru sýnd nakin eða á kynferðislegan hátt verið birt, dreift eða geymt gegn vilja þeirra. En um 3,1% höfðu lent í að því væri hótáð. Athyglisvert er að 52 einstaklingar nefndu stafrænt kynferðisofbeldi sem ástæðu komu til Stígamóta (sjá töflu 6), og eru það fleiri einstaklingar en tilgreindu að þeir hefðu upplifað að texta og eða myndefni til dæmis ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegu efni hafi verið birt, dreift eða geymt gegn vilja þeirra (sjá mynd 5). Hafa verður í huga að einstaklingur getur tilgreint annað ofbeldi sem ástæðu komu en merkt svo við að hann hafi verið beittur stafrænu ofbeldi í spurningunni hér fyrir ofan. Einnig gæti einstaklingur hafa tilgreint stafrænt kynferðisofbeldi sem ástæðu komu en ekki svarað spurningunni hér að ofan. Og er því ekki samræmi í fjölda einstaklinga sem nefnir stafrænt kynferðisofbeldi sem ástæðu komu og fjölda einstaklinga sem tilgreina að þeir hafi verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi.

Tafla 7 a/b. Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2017


7a. Aldur er aðstoðar er leitað

	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	9	2,2%
18 - 29 ára	231	55,5%
30 - 39 ára	75	18,0%
40 - 49 ára	48	11,5%
50 - 59 ára	29	7,0%
60 ára og eldri	15	3,6%
Upplýsingar vantar	9	2,2%
Alls	416	100%

7b. Aldur er ofbeldi var framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	17	4,1%
5 - 10 ára	115	27,6%
11 - 17 ára	155	37,3%
18 - 29 ára	91	21,9%
30 - 39 ára	10	2,4%
40 - 49 ára	1	0,2%
50 - 59 ára	1	0,2%
Ekki viss	14	3,4%
Upplýsingar vantar	12	2,9%
Alls	416	100%

Tafla 7a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 7b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst eða þegar þeir voru fyrst beittir ofbeldi. Tæplega 3/4 þeirra sem nýttu sér þjónustu Stígamóta árið 2017 voru á aldrinum 18-39 ára eða 73,5%, en ofbeldið hófst hins vegar fyrir 18 ára aldur hjá 69% og eru þetta samskonar niðurstöður og ársskýrslur árána 2012 til 2016 hafa sýnt.




Mynd 6. Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldi var fyrst framið árið 2017


Mynd 6 sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var fyrst framið og miðast upplýsingarnar við árið 2017. Tekið skal fram að 9 einstaklingar voru yngri en 18 ára þegar aðstoðar var leitað. Það er eftirtektarvert að nokkur tími liður frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Samskonar niðurstöður koma fram í tölum Stígamóta frá fyrri árum. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímann sem fólk lætur liða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.

Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga


Allar upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga miðast við upplýsingar um brotapolu úr komuskýrslum (416 einstaklingar).



Mynd 7. Hjúskaparstaða



Mynd 8a. Menntun



Mynd 8b. Atvinna


Myndir 8a og 8b hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2017 sýna líkt og tölur fyrir árin 2010 til 2016 að margir eru við nám en hlutfallslega flestir eru í fullu starfi.

Tafla 8. Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell	Nauðgun	Nauðgunar- tilraun	Klám	Vændi	Kynferðis- leg áreitni	Annað
Reykjavík	30,1%	41,3%	51,8%	44,4%	54,5%	33,9%	27,8%
Annað höfuðborgarsvæði	13,3%	21,6%	10,7%	27,8%	27,3%	18,1%	22,2%
Utan höfuðborgarsvæðis	49,7%	24,4%	25,0%	22,2%	0,0%	35,7%	38,9%
Erlendis	6,4%	10,2%	12,5%	5,6%	9,1%	11,1%	0,0%
Ekki viss	0,6%	2,5%	0,0%	0,0%	9,1%	1,2%	11,1%
ALLS	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Fjöldi tilvika	(173)	(315)	(56)	(18)	(11)	(171)	(18)


Í töflu 8 er greint frá í hvaða sveitarfélagi ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Í hverjum brotaflokkum fyrir sig eru staðirnir sem nefndir eru fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu, skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 8 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokkum. Tafla 8 sýnir að kynferðisofbeldi á sér ekki landfræðileg mörk. Tafla 8 sýnir að í um og yfir helmingi tilfella allra tilgreindra brotaflokka átti ofbeldið sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Í brotaflokknum vændi áttu flest tilvik sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er í samræmi við það að flestir sem leita til Stígamóta búa á höfuðborgarsvæðinu. Athygli vekur að í 49,7% tilvika átti sifjaspell sér stað utan höfuðborgarsvæðis sem getur verið vegna þess að Stígamót eru einnig með viðtöl á Egilstöðum, Ísafirði og Akranesi.

Þess ber að geta að þó að brotaflokkurinn stafrænt kynferðisofbeldi hafi bæst við sem svarmöguleiki í ástæður fyrir komu á Stígamót, þá var hann ekki tekin með í töflu 8 og mynd 9 vegna þess að stafrænt kynferðisofbeldi er í eðli sínu ekki staðbundið.



Mynd 9. Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað árið 2017

Í mynd 9 er greint frá í hvaða sveitarfélagi kynferðisofbeldið átti sér stað, þegar búið er að sameina alla brotaflokka í eina heild þar sem tilvik ofbeldis eru talin. Staðirnir sem eru nefndir eru fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu, skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Í mynd 9 eru tekin saman öll þau ofbeldis tilvik sem brotaþoli nefndi og sameinað í eina held, því gæti brotaþoli hafa bæði lent í nauðgun og sifjaspelli í Reykjavík. Hlutfallið í mynd 9 miðast við heildarfjölda tilvika í öllum ofbeldisflokkum (að undanskildum flokknum fyrir stafrænt kynferðisofbeldi). Mynd 9 sýnir líkt og tafla 8 að í um helmingi tilfella allra tilgreindra kynferðisofbeldis tilvika átti ofbeldið sér stað á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 10. Búseta þeirra sem leituðu til Stigamóta árið 2017

Á mynd 10 má sjá búsetu fólks þegar það leitaði til Stigamóta. Um 72,9% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stigamóta árið 2017 bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu árið 2017 64,1% landsmanna. Þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu hafa fyrst og fremst verulegt gagn af starfi Stigamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Þá er einnig boðið upp á síma viðtöl sem fólk utan höfuðborgarsvæðisins hefur nýtt sér. Verkefnið „Stigamót á staðinn“ opnaði möguleika fyrir þá sem búa á Egilsstöðum og nágrenni, Ísafirði og nágrenni og Akranesi og nágrenni að nýta sér þjónustu Stigamóta á sínu heimasvæði. Ráðgjafar á Stigamótum hafa verið með regluleg viðtöl á Egilsstöðum frá árinu 2012, á Ísafirði frá september árið 2016 og á Akranesi frá byrjun árs 2017.

Tafla 9. Búseta; samanburður milli ára


	2013	2014	2015	2016	2017	
Reykjavík	51,4%	53,1%	48,5%	53,6%	48,8%	203
Kópavogur	7,4%	8,7%	10,0%	8,0%	9,9%	41
Hafnarfjörður	6,2%	7,6%	7,6%	7,4%	8,2%	34
Seltjarnarnes	0,6%	1,1%	2,1%	0,6%	0,7%	3
Garðabær	5,9%	2,5%	4,5%	4,1%	2,4%	10
Mosfellsbær	1,9%	0,4%	1,7%	4,7%	2,9%	12
Önnur landsbyggð	22,3%	21,7%	22,0%	16,9%	22,4%	93
Erlendis	3,7%	0,7%	2,7%	3,3%	2,6%	11
Uppl.vantar	0,6%	4,3%	1,0%	1,5%	2,2%	9
Fjöldi	323	277	291	338	416	

Í töflu 9 er yfirlit yfir búsetu fólks árin 2013 til 2017. Árið 2017 var hlutfall þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu 72,9% en þetta er lægra hlutfall borið saman við árið 2016 en svipað hlutfall og árin 2013 til 2015. Árið 2017 var hlutfall þeirra sem búa úti á landi og leituðu til Stigamóta hærra borið saman við árið 2016 en svipað hlutfall og árin 2013 til 2015.

Um ofbeldisverkin

Tafla 10. Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	2013	2014	2015	2016	2017	
Eitt skipti	18,2%	15,8%	18,3%	17,1%	30	18,2%
Innan við 1 ár	21,2%	23,8%	20,9%	20,7%	37	22,4%
1-5 ár	31,4%	32,7%	33,0%	45,9%	53	32,1%
6 ár eða lengur	15,3%	11,9%	7,0%	4,5%	17	10,3%
Óvíst	13,9%	15,8%	20,9%	11,7%	28	17,0%
Alls fjöldi	137	101	115	111	165	



Mynd 11. Samanburður á milli ára


Tölunum um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sífjaspell er ofbeldi sem er oft viðvarandi í mörg ár. Mynd 11 lýsir samanburði á milli ára. Öll árin kemur fram að í um og yfir 40% tilfella standa sífjaspellin yfir í eitt ár eða lengur.

Tafla 11. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana/nauðganatilrauna

	Fjöldi	Hlutfall
Nauðgun	229	74,1%
Hópnauðgun	27	8,7%
Lyfjanauðgun	37	12,0%
Annað	5	1,6%
Ekki viss	11	3,6%
Alls	309	100%

Heildarfjöldi nauðgana í töflu 11 er 229 en ekki 264 eins og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta. Ástæðan er að í tölunum er tekið tillit til þess að hver einstaklingur getur merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar. Í töflu 11 er einnig greint frá birtingarmyndum bæði nauðgana og nauðganatilrauna og þess vegna verður fjöldinn meiri en í fjölda ástæðna fyrir komu til Stígamóta.

Með öðru er átt við nauðganir/nauðganatilraunir sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar/nauðgunartilraunar sem settar eru fram í töflunni. Af þeim 27 einstaklingum sem nefndu hópnauðgun voru 3 karlar og 24 konur og þeir 37 einstaklingar sem nefndu lyfjanauðgun voru 7 karlar og 30 konur. Í fimm tilfellum hópnauðgana voru tveir ofbeldismenn, í einu tilfelli voru ofbeldismennirnir þrír og í tveimur tilfellum voru ofbeldismennirnir 4. Í 19 tilfellum vantaði upplýsingar um fjölda ofbeldismanna.



Mynd 12. Þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis

Á mynd 12 er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum var beitt við ofbeldið. Þessi mynd á við allar birtingarmyndir kynferðisofbeldis. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda ofbeldismanna (662), upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantaði hjá 84 ofbeldismönnum (12,7%). Á mynd 12 má sjá að 40,8% tilfella var engum að ofangreindum þvingunaraðferðum beitt. Einnig má sjá að í 19,5 % tilfella var hótunum beitt, í 15,3% tilfella var líkamsmeiðingum beitt og andlegu ofbeldi var beitt í 24,8% tilfella. Þetta sýnir að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun og er mjög alvarlegt þó hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við kynferðisofbeldið sjálft.

Ef bera á mynd 12 saman við árskýrslur fyrri ára er mikilvægt að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að breytingar voru gerðar á svarmöguleikum árið 2016.

Tafla 12. Hvar kynferðisofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis


	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðis-lega áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Á sameiginlegu heimili	56	24,6	42	12,1	5	7,9	6	24,0	3	15,0	19	7,6	-	-
Á heimili ofbeldismannsins	72	31,6	108	31,0	16	25,4	5	20,0	2	10,0	33	13,2	7	35,0
Á heimil brotþola	34	14,9	63	18,1	11	17,5	9	36,0	3	15,0	22	8,8	1	5,0
Í heimahúsi	12	5,3	50	14,4	9	14,3	1	4,0	1	5,0	26	10,4	2	10,0
Á vinnustað	1	0,4	7	2,0	-	-	-	-	1	5,0	25	10,0	-	-
Á eða við skemmtistað	1	0,4	11	3,2	2	3,2	-	-	1	5,0	34	13,6	1	5,0
Á útihátið	1	0,4	10	2,9	1	1,6	-	-	-	-	9	3,6	-	-
Í tómstundum eða íþróttastarfi	4	1,8	2	0,6	2	3,2	1	4,0	-	-	11	4,4	1	5,0
Á opinberri stofnun	6	2,6	8	2,3	3	4,8	1	4,0	-	-	16	6,4	2	10,0
Utandyra	29	12,7	19	5,5	9	14,3	1	4,0	3	15,0	22	8,8	1	5,0
Á internetinu	1	0,4	-	-	-	-	1	4,0	1	5,0	19	7,6	-	-
Annað	9	3,9	23	6,6	5	7,9	-	-	3	15,0	14	5,6	2	10,0
EKKI VISS	2	0,9	5	1,4	-	-	-	-	2	10,0	-	-	3	15,0
Alls	228	100	348	100	63	100	25	100	20	100	250	100	20	100

Tafla 12 greinir frá hvar ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Í hverjum brotaflokki fyrir sig geta staðirnir sem nefndir eru verið fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu. Skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 12 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokki.

Í töflu 12 kemur fram að sífjaspell á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns, samtals í um 71,1% tilfella. Þetta eru svipuð hlutföll og komu fram í ársskýrslum árunna 2013 til 2016. Nauðganir og nauðgunartilraunir eiga sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns og í heimahúsi, það er nauðganir í 75,6% tilvika og nauðgunartilraunir í 65,1% tilvika (sjá töflu 12). Þessi hlutföll nauðgana og nauðgunartilrauna eru einnig svipuð hlutföll og komu fram í ársskýrslum árunna 2013 til 2016. Einnig er athyglisvert að kynferðisleg áreitni á sér stað utan heimila í 60% tilvika (sjá töflu 12) og eru það einnig svipað hlutfall og fram kom í ársskýrslu árunna 2014 til 2016. Athyglisvert er að í 45% tilvika átti vændi sér stað á heimili ofbeldismanns, heimili brotaþola, sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns eða í heimahúsi.

Í dálkinum sem merktur er „annað“ getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni.

Þess ber að geta að þó að brotaflokkurinn stafrænt kynferðisofbeldi hafi bæst við sem svarmöguleiki í ástæður komu á Stígamót, þá var hann ekki tekin með í töflu 12 og mynd 13 vegna þess að stafrænt kynferðisofbeldi verður ekki staðsett í þessari merkingu.



Mynd 13. Hvar kynferðisofbeldið átti sér stað

Mynd 13 greinir frá hvar ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað þegar búið er að sameina alla brotaflokkka í eina heild. Í hverjum brotaflokki fyrir sig eru staðirnir sem nefndir eru fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu. Skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Í mynd 13 eru tekin saman öll þau ofbeldis tilvik sem brotaþolar nefndu og sameinað í eina heild, því gæti brotaþoli hafa bæði lent í nauðgun og sífjaspelli í heimahúsi. Hlutfallið í mynd 13 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað (að undanskildu stafrænu kynferðisofbeldi).


Fram kemur í mynd 13 að kynferðisofbeldi á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns eða í heimahúsi, samtals í um 64,8 % tilfella.

Tafla 13. Hverjum hefur brotaþoli sagt frá, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðis- lega áreitni		Stafrænt kynferðis- ofbeldi		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Engum sagt frá ofbeldinu	6	3,5	7	2,7	3	5,1	5	23,8	2	15,4	9	6,9	11	21,2	-	-
Sagt maka frá ofbeldinu	88	51,8	108	40,9	17	28,8	3	14,3	2	15,4	44	33,6	9	17,3	7	38,9
Sagt fyrrverandi maka frá ofbeldinu	40	23,5	55	20,8	13	22,0	2	9,5	1	7,7	25	19,1	8	15,4	3	16,7
Sagt móður frá ofbeldinu	85	50,0	118	44,7	18	30,5	2	9,5	2	15,4	45	34,4	11	21,2	7	38,9
Sagt föður frá ofbeldinu	49	28,8	66	25,0	8	13,6	2	9,5	3	23,1	21	16,0	6	11,5	3	16,7
Sagt öðrum í fjölskyldunni frá ofbeldinu	82	48,2	96	36,4	17	28,8	2	9,5	2	15,4	29	22,1	8	15,4	7	38,9
Sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu	105	61,8	191	72,3	31	52,5	1	4,8	3	23,1	69	52,7	17	32,7	8	44,4
Sagt fagaðila frá ofbeldinu	72	42,4	124	47,0	14	23,7	3	14,3	3	23,1	39	29,8	9	17,3	6	33,3
Sagt öðrum frá ofbeldinu	9	5,3	18	6,8	6	10,2	-	-	2	15,4	8	6,1	3	5,8	-	-
Óvíst hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu	3	1,8	2	0,8	-	-	-	-	-	-	2	1,5	1	1,9	-	-
Upplýsingar vantar	13	7,6	16	6,1	13	22,0	11	52,4	3	23,1	28	21,4	15	28,8	5	27,8
Fjöldi einstaklinga	170		264		59		21		13		131		52		18	

Tafla 13 greinir frá hverjum brotaþoli hefur sagt frá ofbeldinu. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þannig er samanlagður fjöldi í töflu 13 hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokki þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.


Eins og sést í töflu 13 hefur um eða yfir helmingur einstaklinga sem beittir hafa verið sifjaspelli, nauðgun, nauðgunartilraun og kynferðislegri áreitni sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu. Einnig kemur fram í töflu 13 að í kringum helmingur þeirra sem beittir hafa verið sifjaspelli höfðu sagt maka frá ofbeldinu og 40,9% þeirra sem höfðu verið beittir nauðgun höfðu sagt maka frá ofbeldinu.



Mynd 14. Hverjum hefur brotaþoli sagt frá árið 2017


Árið 2017 var ákveðið að skoða hverjum brotaþoli hafði sagt frá ofbeldinu óháð brotaflokkum. Mynd 14 greinir frá hverjum brotaþoli hefur sagt frá kynferðisofbeldinu. Hlutfallið í mynd 14 miðast við heildarfjölda einstaklinga (416). Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í mynd 14 er hærri en fjöldi einstaklinga þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Eins og sést á mynd 14 hafa 74,5% sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu og 46,6% höfðu sagt maka frá ofbeldinu.



Mynd 15. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis

Í mynd 15 eru sýndar þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (416). Upplýsingar um afleiðingar vantaði frá 2,6% (11) af heildarfjölda einstaklinga. Í súluritinu er getið um „svipmyndir“. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp í hugann og valda einstaklingum miklu hugarangri. Mynd 15 sýnir að hlutfallslega flestir nefndu kvíða, skömm, depurð, sektarkennd og lélega sjálfsmynd. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fram hafa komið í ársskýrslum árána 2011 til 2016. Níu einstaklingar eða 2,2% nefndu vændi sem afleiðingu, og eru það færri einstaklingar en tilgreindu vændi sem ástæðu komu eins og sést í töflu 6, en þeir voru 13. Hafa verður í huga að einstaklingur getur tilgreint annað ofbeldi sem ástæðu komu en merkt svo við vændi sem afleiðingu. Einnig getur einstaklingur tilgreint vændi sem ástæðu komu en ekki tilgreint það sem afleiðingu. Og er því ekki alltaf samræmi í fjölda einstaklinga sem nefnir vændi sem ástæðu komu og fjölda einstaklinga sem nefnir vændi sem afleiðingu.




Mynd 16. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf

Hlutfallið í mynd 16 miðast við heildarfjölda einstaklinga (416), af þeim vantaði upplýsingar frá 35 eða (8,4%).

Í myndinni sést að um 42,3% einstaklinga töldu að ekkert af ofangreindu hafi skert lífsgæði eða truflað daglegt líf. Rúmlega fjórðungur taldi að neysla áfengis sem afleiðing kynferðisofbeldis hafi skert lífsgæði þeirra og truflað daglegt líf. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram hafa komið í ársskýrslum árána 2013 til 2016.

Tafla 14. Sjálfsvígstílaunir

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	293	70,4%
Já	86	20,7%
Upplýsingar vantar	37	8,9%
Alls	416	100%



Eins og tafla 14 og mynd 17 sýna höfðu 86 einstaklingar eða 20,7% af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2017 gert eina eða fleiri tílaunir til sjálfsvíga. En eins og sést í töflu 15 hér fyrir neðan hefur hlutfall þeirra sem gert hafa eina eða fleiri tílaunir til sjálfsvíga verið á bilinu 20 til 24% á árunum 2013 til 2017.

Mynd 17. Sjálfsvígstílaunir

Tafla 15. Sjálfsvígstílaunir, fleiri ár

	2013	2014	2015	2016	2017
Já	22,0%	24,2%	24,1%	24,9%	20,7%
Nei	66,9%	65,0%	72,2%	70,7%	70,4%
Fjöldi ⁴	287	247	280	323	379

Kynjamunur

Tafla 16. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2017, skipt eftir kyni

	Kona		Karl		Kyn annað	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Sifjaspell	144	39,9	24	46,2	2	66,7
Nauðgun	241	66,8	20	38,5	3	100,0
Nauðgunartilraun	51	14,1	7	13,5	1	33,3
Klám	18	5,0	2	3,8	1	33,3
Vændi	12	3,3	0	0,0	1	33,3
Kynferðisleg áreitni	119	33,0	11	21,2	1	33,3
Stafrænt kynferðisofbeldi	47	13,0	4	7,7	1	33,3
Annað	13	3,6	5	9,6	-	-
Ekki viss	-	-	-	-	-	-
Fjöldi einstaklinga	361		52		3	


Hlutfallið í töflu 16 miðast við þá 52 karla, 361 konur og þá 3 einstaklinga sem skilgreindu kyn sitt á annan hátt og nefndu að þau hefðu orðið fyrir tilteknu broti. Þá byggist fjöldi einstaklinga eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir bæði um kyn brotþola og tegund ofbeldis, þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort, þá teljast þeir ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni. Tafla 16 sýnir að hæsta hlutfall karla leitaði til Stígamóta meðal annars vegna sifjaspella. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við niðurstöður ársskýrslu frá árinu 2015 en þær eru ekki sambærilegar og niðurstöður í ársskýrslu frá árinu 2016, en þá hafði hæsta hlutfall karla leitað meðal annars til Stígamóta vegna nauðgana. Hæsta hlutfall kvenna leitaði til Stígamóta meðal annars vegna nauðgana. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fram kom í ársskýrslu árunum 2015 og 2016.

4. Athuga verður að fjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantaði. Hlutfallið miðast hins vegar við heildarfjölda einstaklinga.

Tafla 17. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Kvíði	316	89,8	39	76,5
Skömm	302	85,8	45	88,2
Depurð	290	82,4	42	82,4
Léleg sjálfsmynd	263	74,7	36	70,6
Sektarkennd	271	77,0	34	66,7
Ótti	235	66,8	37	72,5
Reiði	235	66,8	36	70,6
Svipmyndir	230	65,3	29	56,9
Erfið tengsl við maka/vini	213	60,5	30	58,8
Erfiðleikar með svefn	209	59,4	30	58,8
Tilfinningalegur doði	205	58,2	28	54,9
Einangrun	192	54,5	26	51,0
Erfitt með einbeitingu	189	53,7	22	43,1
Kynlíf erfitt	182	51,7	20	39,2
Sjálfsvígshugleiðingar	142	40,3	26	51,0
Erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum	174	49,4	21	41,2
Líkamlegir verkir	102	29,0	5	9,8
Hegðunarerfiðleikar	97	27,6	16	31,4
Sjálfsköðun	94	26,7	12	23,5
Kynferðisleg hegðun	87	24,7	11	21,6
Átröskun	81	23,0	8	15,7
Vændi	7	2,0	1	2,0
Annað	9	2,6	0	0,0
Engar afleiðingar	1	0,3	0	0,0
Ekki viss	3	0,9	0	0,0
Fjöldi einstaklinga	352		51	



Mynd 18. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni


Hlutfallið í töflu 17 og mynd 18 miðast við þá 51 karla og 352 konur sem tilgreindu hvaða afleiðingar þau hafa glímt við. Þar sem aðeins 2 einstaklingar sem skilgreindu kyn sitt á annan hátt tilgreindu hvaða afleiðingar þeir hafa glímt við voru þeir ekki hafðir með í samanburði á kyni í töflu 17 og mynd 18 þar sem þeir eru of fáir til samanburðar. Upplýsingar um afleiðingar vant- aði hjá 11 einstaklingum og teljast þeir ekki með. Einstaklingar greina oft frá fleiri en einni afleiðingu í kjölfar kynferðisofbeldis og þess vegna er fjöldi tilgreindra afleiðinga hærri en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni.

Við lestur og túlkun töflu 17 og myndar 18 er mikilvægt að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 51. Fram kemur að karlar og konur nefna svipaðar afleiðingar, um eða yfir 80% kvenna og karla nefna skömm, kvíða og depurð. Einnig var athyglisvert að hærra hlutfall karla nefnir reiði borið saman við konur eða 70,6% karla borið saman við 66,8% kvenna. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður ársskýrslu ársins 2016. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við rannsókn sem Særún Ómarsdóttir (2014)⁵ gerði á gögnum Stígamóta frá árunum 2011 til 2013. Þar kom fram að karlar og konur glíma við svipaðar afleiðingar í kjölfar ofbeldis. Í rannsókn Særúnar Ómarsdóttur (2014) kom fram að um eða yfir 80% kvenna og karla nefndu depurð, skömm og lélega sjálfsmynd. Einnig kom fram í rannsókn hennar að karlar nefndu reiði oftast borið saman við konur.

Athyglisvert er að samkvæmt töflu 17 og mynd 18 nefndi hærra hlutfall karla sjálfsvígshugleiðingar en konur eða 51% karla en 40,3% kvenna. Hærra hlutfall karla nefndu skömm, ótta, sjálfsvígshugleiðingar og hegðunarerfiðleika borið saman við konur.

Tafla 18. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Ekkert af þessu	162	49,2	14	28,0
Áfengi	86	26,1	26	52,0
Önnur vímuefni	48	14,6	17	34,0
Matur	79	24,0	9	18,0
Kynlíf	37	11,2	7	14,0
Klám	5	1,5	5	10,0
Fjárhættuspil/tölvuleikir	10	3,0	8	16,0
Annað	4	1,2	1	2,0
Ekki viss	24	7,3	0	0,0
Fjöldi einstaklinga	329		50	



Mynd 19. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni


5. Særún Ómarsdóttir. (2014). *Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda*. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Hlutfallið í töflu 18 og mynd 19 miðast við þá 50 karla og 329 konur sem tilgreindu hvaða neysla eða athafnir hefðu skert lífsgæði þeirra. Þar sem aðeins 2 einstaklingar sem skilgreindu kyn sitt á annan hátt tilgreindu hvaða neysla eða athafnir hefðu skert lífsgæði þeirra voru þeir ekki hafðir með í samanburði á kyni í töflu 18 og mynd 19 þar sem þeir eru of fáir til samanburðar. Upplýsingar um neyslu og athafnir sem hafa skert lífsgæði vantaði hjá 35 einstaklingum og teljast þeir ekki með í töflu 18 og mynd 19. Einstaklingar greina oft frá mörgum atriðum sem skerða lífsgæði í kjölfar kynferðisofbeldis og þess vegna er fjöldi tilgreindra skerðinga hærri en fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni.

Hærra hlutfall kvenna nefnir að ekkert af ofangreindu hafi skert lífsgæði þeirra borið saman við karla. Einnig var athyglisvert að hærra hlutfall karla nefnir að áfengi, önnur vímuefni, fjárhættuspil og tölvuleikir, kynlíf og klám hafi skert lífsgæði þeirra borið saman við konur. Þessar niðurstöður eru svipaðar og fram komu í ársskýrslu árána 2014 til 2016. Mikilvægt er þó að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 50 en kvenna 329.

Tafla 19. Sjálfsvígstilraunir, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	255	77,7	37	75,5
Já	73	22,3	12	24,5
Fjöldi einstaklinga	328		49	



Mynd 20. Sjálfsvígstilraunir, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 19 og mynd 20 miðast við þá 49 karla og 328 konur sem tilgreindu hvort þau hefðu gert tilraun til sjálfsvígs. Þar sem aðeins 2 einstaklingar sem skilgreindu kyn sitt á annan hátt tilgreindu hvort þeir hefðu gert tilraun til sjálfsvígs voru þeir ekki hafðir með í samanburði á kyni í töflu 19 og mynd 20 þar sem þeir eru of fáir til samanburðar. Upplýsingar um sjálfsvígstilraunir vantaði hjá 37 einstaklingum og teljast þeir ekki með í þessari töflu.


Eins og sést í töflu 19 og mynd 20 tilgreindi hærra hlutfall karla en kvenna að þeir hefðu gert tilraun til sjálfsvígs, munurinn er þó ekki mikill. Þessar niðurstöður eru sambærilegar og niðurstöður ársskýrslna árána 2015 og 2016. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur töflu 19 og myndar 20 að karlar eru aðeins 49 en konur 328.

Tafla 20. Hjá hvaða fagaðilum hefur ofbeldið verið rætt þegar komið var til Stígamóta árið 2017, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðis- leg áreitni		Stafrænt kynferðis- ofbeldi		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Engum fagaðilum	58	34,1	82	31,1	20	33,9	8	38,1	4	30,8	46	35,1	23	44,2	5	27,8
Lækni	22	12,9	38	14,4	4	6,8	2	9,5	-	-	8	6,1	4	7,7	2	11,1
Starfsfólk geðdeildar	14	8,2	17	6,4	1	1,7	1	4,8	-	-	4	3,1	1	1,9	-	-
Geðlækni	20	11,8	29	11,0	3	5,1	2	9,5	2	15,4	10	7,6	3	5,8	1	5,6
Hjúkrunarfræðingi	5	2,9	18	6,8	-	-	1	4,8	-	-	5	3,8	1	1,9	1	5,6
Sjúkraliða	1	0,6	1	0,4	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Félagsráðgjafa	27	15,9	32	12,1	3	5,1	2	9,5	1	7,7	14	10,7	-	-	-	-
Félagsþjónustu	4	2,4	8	3,0	-	-	-	-	1	7,7	-	-	1	1,9	-	-
Sálfræðingi	52	30,6	89	33,7	9	15,3	5	23,8	1	7,7	25	19,1	7	13,5	5	27,8
Fagaðila í vímuefna- merðferð	5	2,9	12	4,5	1	1,7	1	4,8	2	15,4	2	1,5	2	3,8	1	5,6
Presti	6	3,5	5	1,9	1	1,7	1	4,8	-	-	4	3,1	-	-	-	-
Skólastarfsmanni	4	2,4	14	5,3	-	-	-	-	-	-	3	2,3	2	3,8	-	-
Lögreglufulltrúa	11	6,5	25	9,5	3	5,1	-	-	-	-	4	3,1	3	5,8	-	-
Kvennaathvarfi	1	0,6	5	1,9	2	3,4	-	-	-	-	3	2,3	1	1,9	-	-
Neyðarmóttöku	1	0,6	14	5,3	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	5,6
Barnahúsi	12	7,1	9	3,4	1	1,7	-	-	1	7,7	2	1,5	3	5,8	-	-
Öðrum fagaðilum	6	3,5	8	3,0	-	-	-	-	-	-	1	0,8	1	1,9	-	-
Ekki viss	6	3,5	2	0,8	-	-	-	-	-	-	3	2,3	1	1,9	1	5,6
Upplýsingar vantar	23	13,5	36	13,6	22	37,3	8	38,1	5	38,5	39	29,8	18	34,6	6	33,3
Fjöldi einstaklinga	170		264		59		21		13		131		52		18	


Tafla 20 greinir frá hvort brotþoli hafi rætt ofbeldið við fagaðila og þá hverja eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 20 er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Um og yfir þriðjungur í öllum brotaflokkum hafði ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið. Einnig var athyglisvert að um 30% þeirra sem beittir hafa verið sifjaspelli, nauðgun eða öðru kynferðisofbeldi höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið.



Mynd 21. Við hvaða fagaðila hefur ofbeldið verið rætt þegar komið var til Stígamóta árið 2017

Árið 2017 var ákveðið að skoða einnig við hvaða fagaðila brotaþoli hafði rætt þegar komið var til Stígamóta óháð brotaflokkum. Mynd 21 sýnir niðurstöður þessarar athugunar. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (416). Upplýsingar vantaði frá 41 eða (9,9%). Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í mynd 21 er hærri en heildarfjöldi einstaklinga þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Um 32,7% höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið. Þetta er lægra hlutfall borið saman við niðurstöður árskýrslu ársins 2016. Einnig var athyglisvert að um 33,4% höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið, sem er svip að hlutfall og niðurstöður árskýrslu ársins 2016 sýndu.



Mynd 22. Tengsl við ofbeldismenn

Á mynd 22 kemur fram að 662 ofbeldismenn höfðu beitt 416 einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2017 ofbeldi. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring á þessum fjölda ofbeldismanna er að á árinu voru 27 hópnaðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum og að í sumum tilfellum er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða í aðskildum ofbeldisverkum. Mynd 22 sýnir tengsl einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi við ofbeldismenn. Tölur og hlutföll í myndinni miðast við fjölda ofbeldismanna (662). Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 13,9% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2017 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu og um 73,7% ofbeldismannanna voru tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum eða voru vinir eða kunningjar þeirra. Goðsögnin um að einstaklingum stafi mest hætta af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Tafla 21a/b) Samanburður milli ára frá árinu 2013

21a) Sifjaspell

Sifjaspell	2013	2014	2015	2016	2017	
Faðir/stjúpfaðir	20,2%	24,3%	14,1%	11,0%	17,7%	31
Móðir/stjúpmóðir	0,6%	1,7%	2,2%	0,0%	2,3%	4
Giftur inn í fjölskylduna	3,6%	0,0%	3,7%	3,4%	2,9%	5
Bróðir/stjúpróðir	6,5%	11,3%	7,4%	15,3%	8,6%	15
Systir/stjúpsystir	1,2%	0,9%	0,7%	0,8%	0,6%	1
Frændi/frænka ⁶	20,8%	17,4%	21,5%	22,9%	20,0%	35
Afi/stjúpafi	6,0%	3,5%	3,7%	8,5%	8,0%	14
Amma/stjúamma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	1
Maki	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fyrirverandi maki ⁷	-	-	-	0,0%	0,0%	0
Fjölskylduvinur	16,7%	16,5%	17,8%	8,5%	10,9%	19
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	4,8%	9,6%	4,4%	3,4%	5,7%	10
Vinur/kunningi	7,1%	7,0%	13,3%	14,4%	13,7%	24
Vinnuveitandi/yfirmaður	1,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	1
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,8%	0,0%	0
Ókunnugur	4,8%	0,9%	2,2%	2,5%	4,0%	7
Annar/önnur	2,4%	6,1%	7,4%	4,2%	2,9%	5
Fagaðili	4,2%	0,9%	1,5%	4,2%	1,7%	3
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	168	115	135	118	175	

6. Í flokknum frændi/frænka voru 2 frændur og 33 frændur árið 2013, árið 2014 voru það 2 frændur og 18 frændur, árið 2015 voru það 29 frændur en engin frænka, árið 2016 voru 26 frændur og 1 frænka og árið 2017 voru 35 frændur en engin frænka.

7. Svarmöguleikanum fyrirverandi maki var bætt við spurninguna um tengsl við ofbeldismann árið 2016. Fyrri ár flokkaðist fyrirverandi maki með maka.

21b Nauðgun

Nauðgun	2013	2014	2015	2016	2017	
Faðir/stjúpfaðir	0,0%	1,0%	0,9%	1,0%	0,0%	0
Móðir/stjúp móðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Giftur inn í fjölskylduna	0,8%	0,5%	0,9%	0,3%	0,9%	3
Bróðir/stjúpbróðir	1,1%	0,5%	0,0%	1,0%	0,3%	1
Systir/stjúp systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka ⁸	1,9%	2,6%	1,4%	1,7%	1,2%	4
Afi/stjúpafi	0,0%	0,0%	0,0%	0,3%	0,0%	0
Amma/stjúpamma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	18,3%	23,5%	17,1%	6,1%	11,6%	39
Fyrirverandi maki ⁹	-	-	-	8,9%	11,6%	39
Fjölskylduvinur	2,7%	4,1%	1,8%	2,4%	1,2%	4
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	0,4%	0,5%	0,5%	0,0%	0,6%	2
Vinur/kunningi	42,7%	35,7%	41,9%	45,4%	49,7%	167
Vinnuveitandi/yfirmaður	0,0%	0,0%	1,4%	1,0%	0,3%	1
Samstarfsmaður	1,1%	2,0%	3,2%	1,4%	1,2%	4
Ókunnugur	26,3%	24,5%	26,3%	24,6%	18,8%	63
Annar/önnur	1,9%	2,6%	4,1%	4,8%	2,4%	8
Fagaðili	2,7%	2,6%	0,5%	1,0%	0,3%	1
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	262	196	217	293	336	

Í töflum 21a og 21b eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman fyrir sifjaspell og nauðgun eftir árum.

Mikilvægt er að taka fram hér að fjöldi ofbeldisbrota í töflum 21a og 21b er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta, sem sýndar eru í töflu 6, þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (416) en hér eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (662). Til dæmis getur verið að brotaþoli merki við "nauðgun" sem ástæðu þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða en viðkomandi brotaþoli hefur svo kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir í töflunum hér yfir tengsl ofbeldismanna. Þá byggist fjöldi ofbeldismanna í töflum 21a og 21b eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis, þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða tengsl ofbeldismanns við brotaþola, þá teljast þeir ekki með í þessum töflum. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Eins og sést í töflu 21a voru um 60,7% ofbeldismanna tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldi fjölskylduböndum. Tafla 21b sýnir að um 72,9% ofbeldismanna voru makar, fyrirverandi makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu. Þetta eru svipuð hlutföll og fram kom í árskýrslu árána 2014 til 2016.

Tafla 22. Hefur brotaþoli rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	486	73,4%
Já	129	19,5%
Óvíst	32	4,8%
Uppl. vantar	15	2,3%
Alls	662	100%

Tafla 22 sýnir að fáir hafa rætt ofbeldið við ofbeldismann eða 19,5%. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram komu í árskýrslu ársins 2016.


8. Í flokknum frændi/frænka voru 4 frændur og engin frænka árið 2017.

9. Svarmöguleikanum fyrirverandi maki var bætt við spurninguna um tengsl við ofbeldismann árið 2016. Fyrri ár flokkaðist fyrirverandi maki með maka.

Tafla 23. Svör ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Viðurkenndi ofbeldið	40	39,2%
Hafnaði ofbeldinu	27	26,5%
Kenndi mér um ofbeldið	15	14,7%
Ekkert af þessu	3	2,9%
Ekki viss	7	6,9%
Annað	10	9,8%
Alls	102	100%

Tafla 23 sýnir að í 41,2% tilfella þar sem brotaþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og gefið svar við því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotaþolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslu ársins 2016.



Mynd 23. Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotaþola?

Mynd 23 á við um allar birtingarmyndir ofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (662) en samantlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af þeim 662 ofbeldismönnum sem miðað er við í mynd 23 vantaði upplýsingar frá 39 (5,9%).

Tafla 24. Samanburður milli nauðgana og sífjaspella

	Sífjaspell	Nauðgun
Gerði ekkert sérstakt	45,2%	53,6%
Gaf gjafir/mútaði	15,5%	5,9%
Kenndi mér um ofbeldið	7,7%	18,9%
Notaði hótanir	20,8%	17,3%
Beitti líkamlegu ofbeldi	2,4%	10,2%
Annað	5,4%	5,9%
Ekki viss	17,3%	13,9%

Ef skoðað er sérstaklega hvernig þessu er háttað í nauðgunar- og sífjaspellsmálum kemur í ljós að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotaþola. Þar ber sérstaklega að nefna að 15,5% þeirra sem beita sífjaspellum nota gjafir eða múta brotaþolum en eingöngu 5,9% þeirra sem nauðga. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram kom í ársskýrslu ársins 2016. Fjöldi þeirra sem beittu sífjaspellum og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotaþola er 168 og þeirra sem nauðguðu og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotaþola er 323. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta. **Tafla**

25. Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotaþola

	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	233	56,0%
2 ofbeldismenn	87	20,9%
3 ofbeldismenn	37	8,9%
4 ofbeldismenn	11	2,6%
5 ofbeldismenn	8	1,9%
6 ofbeldismenn	2	0,5%
7 ofbeldismenn	2	0,5%
8 ofbeldismenn	3	0,7%
10 ofbeldismenn	1	0,2%
Upplýsingar vantar	32	7,7%
Alls	416	100%


Tafla 25 sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotaþola ofbeldi. Eins og sjá má var í 36,2% tilfella um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Þetta er svipað hlutfall og fram kom á árunum 2008 til 2016.

Í töflu 25 kemur fram að í 16 tilfellum eru 5 til 10 ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili en stundum geta það verið aðskilin atvik og/eða tímabil sem um ræðir.

Kærð mál

Tafla 26. Kært til lögreglu?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	551	83,2%
Já	68	10,3%
Óvíst	6	0,9%
Uppl. vantar	37	5,6%
Alls	662	100%



Mynd 24. Kært til lögreglu

Af þeim málum sem til Stígamóta bárust árið 2017 vitum við að 10,3% komust til opinberra aðila. Í ársskýrslum fyrir árin 1992 til 2016 kemur fram að um 4% til 17% mála hvert ár voru kærð til lögreglu. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algenzt er líka að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökkuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annað hvort að hluta til eða alveg.

Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur (2007)¹⁰ að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

10. Hildigunnur Magnúsdóttir og Katrín Erlingsdóttir. (2007). *Íslenskir kynferðisbrotamenn: greining út frá svörum brotaþola*. Lokaritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 27. Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	8	11,8%
Já	17	25,0%
Málið var felld niður	21	30,9%
Málið er í vinnslu	18	26,5%
Ekki viss	4	5,9%
Alls	68	100%

Tafla 28. Hvernig var dæmt í málinu í héraðsdómi?

	Fjöldi	Hlutfall
Sýknun	2	11,8%
Skilorð	5	29,4%
Fangelsi	5	29,4%
Ekki viss	5	29,4%
Alls	17	100%

Tafla 29. Hvernig var dæmt í málinu í Hæstarétti?

	Fjöldi	Hlutfall
Ekki vísað til hæstaréttar	4	33,3%
Sami dómur	1	8,3%
Sýknun	1	8,3%
Héraðsdómur lækkaður	1	8,3%
Ekki viss	5	41,7%
Alls	12	100%

Töflur 27, 28 og 29 gefa til kynna hvernig þeim málum sem kærð voru til lögreglu reiddi af í dómsskerfinu. Eins og sjá má í töflu 27 endaði 25% þeirra mála sem kærð voru til lögreglu með ákæru og 30,9% málanna voru felld niður. Áftur á móti voru 26,5% málanna enn í vinnslu. Af þeim 17 málum sem fóru fyrir héraðsdóm endaði 29,4% með fangelsisdómi eða skilorði eða um 58,8% (sjá töflu 28). Af þeim 12 málum þar sem dómur hafði fallið hjá héraðsdómi var 4 málum (33,3%) ekki vísað til hæstaréttar og í einu máli (8,3%) var sýknun. Í 5 málum (41,7%) var ekki vitað hvort málnum hafði verið vísað til hæstaréttar (sjá töflu 29). Af þessu sést að aðeins lítill hluti þeirra mála sem kærð eru til lögreglu enda með ákæru.

Fordómar og staðalímyndir

Í gegnum árin hafa ýmsar staðalímyndir og goðsagnir um kynferðisofbeldi verið áberandi í umræðunni. Sumar þessara goðsagna eru til þess fallnar að setja ábyrgðina á ofbeldinu á þá sem því eru beittir og draga úr ábyrgð ofbeldismanna. Það er hins vegar augljóst frá sjónarhorni Stígamóta að það er alltaf einn ábyrgur aðili í kynferðisbrotum en það er sá sem ofbeldinu beitir. Þá hafa einnig komið fram ýmsir fordómar á undanförunum árum, meðal annars um þjóðerni ofbeldismanna. Með spurningalista sem lagður er fyrir notendur Stígamóta er reynt að afla upplýsinga um þá þætti sem gætu snert einhverja af þessum fordómum og goðsögnum. Hér á eftir má sjá niðurstöður þessara spurninga fyrir árið 2017.

Tafla 30. Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis- eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	245	37,0%
Já	185	27,9%
Stundum	70	10,6%
Óvíst	148	22,4%
Uppl. vantar	14	2,1%
Alls	662	100%

Eins og sjá má í töflu 30 kemur fram að um 37% ofbeldismanna voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og 10,6% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilfellum beitti ofbeldismaðurinn brotaþola ofbeldi oftast en einu sinni). Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslu ársins 2016.

Tafla 31. Samanburður á því hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið, flokkað eftir sifjaspellum annars vegar og nauðgunum hins vegar

	Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	101	58,7%	75	22,4%
Já	16	9,3%	145	43,3%
Stundum	11	6,4%	44	13,1%
Óvíst	44	25,6%	71	21,2%
Alls	172	100%	335	100%

Eins og tafla 31 sýnir voru 9,3% þeirra sem beittu sifjaspellum undir áhrifum vímuefna og 6,4% voru það stundum. Af þeim sem nauðguðu voru 43,3% undir áhrifum vímuefna og 13,1% voru það stundum. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram kom í ársskýrslu ársins 2016. Fjöldi ofbeldismanna í töflu 31 byggist eingöngu á þeim upplýsingum sem lágu fyrir um bæði tegund ofbeldis og hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið. Þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið þá teljast þeir ekki með í þessari töflu.

Tafla 32. Þjóðerni ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	497	75,1%
Frá Evrópu	53	8,0%
Utan Evrópu	38	5,7%
Blandað þjóðerni	11	1,7%
Óvíst, uppl. vantar	63	9,5%
Alls	662	100%

Eins og sést á töflu 32 eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 75,1%. Upplýsingar vantar í um 9,5% tilfella. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslum árunum 2008 til 2016. Goðsögnin um að íslenskum konum stafi mest hættu af erlendum mönnum sem koma hingað til lands fær því ekki staðist.


Tafla 33. Hefur brotapolí beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	372	89,4%
Já	4	1,0%
Ekki viss	14	3,4%
Upplýsingar vantar	26	6,3%
Alls	416	100%

Ein lífseig goðsögn sem gengið hefur í gegnum tíðina er að þeir sem beittir eru kynferðisofbeldi, beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi. Frá 87% til 93% þeirra sem komu til Stígamáta árin 2008 til 2017 höfðu ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Hins vegar er mikilvægt að muna að þetta er erfið spurning og án efa eru einhverjar skuggatölur hér. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þó ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

Tafla 34. Var brotapolí undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Nei	71	41,8	79	29,9	21	35,6	10	47,6	2	15,4	50	38,2	7	38,9
Já	3	1,8	117	44,3	18	30,5	-	-	7	53,8	13	9,9	5	27,8
Stundum	5	2,9	37	14,0	8	13,6	4	19,0	3	23,1	31	23,7	-	-
Var barn (á ekki við)	82	48,2	10	3,8	2	3,4	2	9,5	-	-	14	10,7	2	11,1
Ekki viss	2	1,2	5	1,9	1	1,7	-	-	-	-	-	-	-	-
Upplýsingar vantar	7	4,1	16	6,1	9	15,3	5	23,8	1	7,7	23	17,6	4	22,2
Alls	170	100	264	100	59	100	21	100	13	100	131	100	18	100



Mynd 25. Var brotaþoli undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis


Tafla 34 og mynd 25 greina frá hvort einstaklingur hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni og myndinni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti.

Í 48,2% tilfella þegar um sífjaspell var að ræða merkti brotaþoli við að hann hafi verið barn og í 41,8% tilfella þegar um sífjapell var að ræða var brotaþoli ekki undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna. Í um 44,3% tilfella þegar um nauðgun var að ræða og í 30,5% tilfella þegar nauðgunartilraun var að ræða var brotaþoli undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna. Stígamtótt ítreka að þó að einstaklingur sé drukkinn eða undir áhrifum vímuefna þegar honum er nauðgað ber hann ekki ábyrgð á ofbeldinu og það er engin réttlætning á því ofbeldi sem hann er beittur.

Þess ber að geta að brotaflokkurinn stafrænt kynferðisofbeldi var ekki tekin með í töflu 34 og mynd 25 vegna þess að stafrænt kynferðisofbeldi á sér oft stað yfir tíma og er ekki einstakt tilfelli. Því á spurningin um hvort brotaþoli hafi verið undir áhrifum áfengis og / eða annarra vímuefna ekki við. Það sama á við töflu 35 hér fyrir neðan.

Tafla 35. Var brotaþola byrjað lyf þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sífjaspell		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Nei	153	90,0	180	68,2	34	57,6	12	57,1	4	30,8	95	72,5	12	66,7
Já	1	0,6	17	6,4	3	5,1	-	-	1	7,7	1	0,8	1	5,6
Í sumum tilvikum	-	-	5	1,9	3	5,1	-	-	2	15,4	1	0,8	-	-
Já grunar það	1	0,6	9	3,4	1	1,7	-	-	-	-	-	-	-	-
Ekki viss	2	1,2	32	12,1	3	5,1	-	-	1	7,7	1	0,8	1	5,6
Upplýsingar vantar	13	7,6	21	8,0	15	25,4	9	42,9	5	38,5	33	25,2	4	22,2
Alls	170	100	264	100	59	100	21	100	13	100	131	100	18	100




Mynd 26. Var brotapolá byrjað lyf þegar ofbeldið var framið, skipt eftir nauðgun og nauðgunartilraun

Tafla 35 og mynd 26 greina frá hvort einstaklingi hafi verið byrjað lyf þegar ofbeldið átti sér stað skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflu 35 og mynd 26 miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti.


Í 0,6% tilfella þegar um sífjaspell var að ræða var brotapolá byrjað lyf. Í 6,4% tilfella þegar um nauðgun var að ræða var brotapolá byrjað lyf og í 3,4% tilvika grunaði brotapolá að honum hafi verið byrjað lyf þegar um nauðgun var að ræða. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslu ársins 2016. Hafa verður þó í huga að oft er erfitt að átta sig á því að byrlun hafi átt sér stað og lyf geta verið fljót að fara úr líkamanum og því oft erfitt að staðfesta að byrlun hafi átt sér stað. Því eru án efa einhverjar skuggatölur hér.

Tafla 36. Hver voru viðbrögð brotapolá þegar ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sífjaspell		Nauðgun		Nauðgunartilraun		Kynferðisleg áreitni	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Ég gerði ekkert	84	49,4	79	29,9	7	11,9	41	31,3
Ég lét sem ekkert væri	36	21,2	63	23,9	6	10,2	31	23,7
Ég þóttist vera sofandi	25	14,7	31	11,7	3	5,1	8	6,1
Ég fraus/ eða mér fannst líkami minn lamast	69	40,6	156	59,1	16	27,1	36	27,5
Ég gerði ekkert vegna þess að mér var hótad	17	10,0	25	9,5	2	3,4	4	3,1
Ég barðist á móti með líkamlegu afli eða orðum	24	14,1	97	36,7	27	45,8	34	26,0
Ég flúði eða reyndi að flýja	20	11,8	25	9,5	22	37,3	17	13,0
Annað	9	5,3	29	11,0	1	1,7	3	2,3
Ekki viss	10	5,9	11	4,2	1	1,7	4	3,1
Upplýsingar vantar	14	8,2	14	5,3	15	25,4	30	22,9
Fjöldi einstaklinga	170		264		59		131	



Mynd 27. Hver voru viðbrögð brotaþola þegar nauðgun átti sér stað



Mynd 28. Hver voru viðbrögð brotaþola þegar sífjaspell átti sér stað

Tafla 36 greinir frá hver voru viðbrögð brotaþola þegar ofbeldið átti sér stað, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflu 36 miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 36 og myndum 27 og 28 er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Tafla 36 og mynd 27 sýna að meirihluti þeirra sem beittir hafa verið nauðgun greindu frá að þeir hafi frosið eða fannst líkami sinn lamast eða 59,1%. Einnig kom fram að 29,9% þeirra sem beittir voru nauðgun gerðu ekkert og 23,9% létu sem ekkert væri. Einnig kemur fram að hæsta hlutfall einstaklinga sem beittir höfðu verið sífjaspelli eða kynferðislegri áreitni gerði ekkert og næst hæsta hlutfall greindu frá því að þeir hafi frosið eða fundist líkami sinn lamast. Þeir sem beittir höfðu verið nauðgunartilraun greindu flestir frá því að þeir hefðu barist á móti og næst flestir að þeir hafi reynt að flýja og er það í samræmi við að þetta var tilraun til nauðgunar en ekki fullframin nauðgun, þó kom fram að um 27% frusu eða fannst líkami sinn lamast. Þetta eru svipaðar niðurstöður og komu fram í ársskýrslu ársins 2016. Levine (1997)¹¹ talar um að viðbrögð einstaklinga líkt og dýra geta verið þrenns konar þegar einstaklingur upplifir áfall eða mikinn ótta. Einstaklingar geta frosið, reynt að flýja eða barist á móti. Allt eru þetta viðbrögð sem geta hjálpað okkur að lifa af erfiðar aðstæður. Á Stígamótum lítum við svo á að það að frjósa eða gera ekki neitt séu eðlileg viðbrögð við kynferðisofbeldi líkt og það að flýja eða berjast á móti. Stundum er besta leiðin til að lifa af að gera ekki neitt eða frjósa. Öll viðbrögð við kynferðisofbeldi eru eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum.

11. Levine, P.A. (1997). *Waking the tiger: Healing trauma*. Berkeley California: North Atlantic Books.

Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Árið 2017 var heildarfjöldi ofbeldismanna 730. Eins og fram hefur komið eru sumir ofbeldismannanna mögulega taldir oftar en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja töflur 37-41 á þeim 662 skýrslum sem fylltar voru út af brotapolum um ofbeldismennina.

Tafla 37. Kyn ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	623	94,1%
Kona	31	4,7%
Upplýsingar vantar	8	1,2%
Alls	662	100%

Langflestir ofbeldismennirnir eru karlar eða 94,1% og er það í samræmi við niðurstöður ársskýrslna fyrir ára.

Tafla 38. Kyn ofbeldismanna, skipt eftir tegund ofbeldis

	Karl		Kona		Alls
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi
Sifjaspell	166	92,2%	14	7,8%	180
Nauðgun	328	97,0%	10	3,0%	338
Kynferðislega áreitni	115	96,6%	4	3,4%	119

Í töflu 38 koma fram upplýsingar um kyn ofbeldismanna sem beitt hafa sifjaspellum, nauðgun og kynferðislegri áreitni, þar sem kyn ofbeldismanna er þekkt. Fjöldi ofbeldisbrota í töflu 38 er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta (tafla 6), þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotþola (416) en í töflu 38 eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (662) þar sem kyn og tegund brots var þekkt. Þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða kyn ofbeldismanns þá teljast þeir ekki með í þessari töflu. Eins og fram kemur í töflu 38 er meirihluti ofbeldismanna sem vitað er að beittu sifjaspelli, nauðgun eða kynferðislegri áreitni karlar. Þessar niðurstöður eru svipaðar og fram komu í ársskýrslum árána 2013 til 2016.

Tafla 39. Aldur ofbeldismanna þegar ofbeldi var framið

	Fjöldi	Hlutfall
10 ára eða yngri	11	1,7%
11 - 13 ára	21	3,2%
14 - 17 ára	92	13,9%
18 - 29 ára	250	37,8%
30 - 39 ára	87	13,1%
40 - 49 ára	47	7,1%
50 - 59 ára	27	4,1%
60 - 69 ára	11	1,7%
70 - 79 ára	3	0,5%
Ekki viss	100	15,1%
Upplýsingar vantar	13	2,0%
Alls	662	100%

Tafla 39 sýnir hvenær ofbeldismenn beittu kynferðisofbeldi í fyrsta skipti. Í töflunni kemur fram að um helmingur ofbeldismanna eru á aldrinum 18-39 ára eða um 50,9%. Árið 2017 voru 124 ofbeldismenn undir 18 ára aldri eða 18,8% ofbeldismanna.

Tafla 40. Hjúskaparstaða ofbeldismannsins þegar hann beitti ofbeldinu

	Fjöldi	Hlutfall
Barn (á ekki við)	71	10,7%
Einhleyp(ur)	203	30,7%
Í sambandi	76	11,5%
Í sambúð/hjúskap	145	21,9%
Fráskilin(n)/slitið sambúð	4	0,6%
Ekkja/ekkill	1	0,2%
Ekki viss	147	22,2%
Upplýsingar vantar	15	2,3%
Alls	662	100%

Í töflu 40 er miðað við hjúskaparstöðu ofbeldismanns þegar hann beitti ofbeldi í fyrsta skiptið. Um 33,4% ofbeldismanna voru í sambandi eða sambúð/hjúskap þegar þeir beittu ofbeldinu. Þessar niðurstöður eru svipaðar og fram kom í ársskýrslum árána 2015 og 2016.

Tafla 41. Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	24	3,6%
Já	110	16,6%
Óvíst	508	76,7%
Upplýsingar vantar	20	3,0%
Alls	662	100%

Eitt af því sem spurt er um í spurningalistum um ofbeldismenn er hvort brotþoli viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að 16,6% ofbeldismanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Það er í samræmi við upplýsingar sem liggja fyrir um að hluti kynferðisbrotamanna beiti fleiri en eina manneskju kynferðisofbeldi (sjá fyrri ársskýrslur).

Kyn ofbeldismanna og kyn brotþola

Tafla 42. Kyn ofbeldismanna og brotþola

			Kyn ofbeldismanns			Samtals
			Karl	Kona	Bæði karl og kona	
Kyn brotþola	Karl	Fjöldi	35	8	3	46
		Hlutfall %	76,1%	17,4%	6,5%	100,0%
	Kona	Fjöldi	320	6	9	335
		Hlutfall %	95,5%	1,8%	2,7%	100,0%
	Kyn annað	Fjöldi	2	-	-	2
		Hlutfall %	100%	-	-	100%

Tafla 42 sýnir að kyn ofbeldismanna var tilgreint hjá 383 brotþolum en upplýsingar vantaði um kyn ofbeldismanns hjá 33 brotþolum. Ástæður þess að kyn ofbeldismanns vantaði geta verið þær að ekki allir brotþolar fylltu út spurningalista fyrir ofbeldismenn. Tafla 42 sýnir að meirihluti karla, kvenna og þeirra sem skilgreindu kyn sitt á annan hátt voru beitt ofbeldi af körlum. Athyglisvert er að herra hlutfall karla (eða um 17,4% karla) voru beittir ofbeldi af konu borið saman við hlutfall kvenna sem beittar voru ofbeldi af konu (það voru um 1,8% kvenna). Þessar niðurstöður eru í samræmi við ársskýrslu ársins 2014 til 2016 og einnig eru þær í samræmi við niðurstöður Særúnar Ómarsdóttur (2014)¹². Niðurstöður Særúnar sýndu einnig að meirihluti karla og kvenna eru beitt ofbeldi af körlum og herra hlutfall karla voru beittir ofbeldi af konu borið saman við hlutfall kvenna sem voru beittar ofbeldi af konu.

12. Særún Ómarsdóttir. (2014). *Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda*. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Aðstandendur

Heildarfjöldi nýrra aðstandenda árið 2017 voru 74 einstaklingar og byggja allar upplýsingar í þessum kafla á þeim fjölda.

Tafla 43. Er brotapolí sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum eða hefur hann verið í viðtölum hjá Stígamótum

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	31	41,9%
Já	39	52,7%
Upplýsingar vantar	4	5,4%
Alls	74	100%

Í töflu 43 sést að í 41,9% tilfella þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti höfðu brotapolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar hjá Stígamótum.

Tafla 44a/b. Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

44a. Aðstandandi:

	Fjöldi	Hlutfall
Brotapola	67	90,5%
Bæði brotapola og ofbeldismanns	7	9,5%
Alls	74	100%

44b. Tengsl aðstandanda:

	Aðstandandi brotapola		Aðstandandi ofbeldismanns	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Foreldri	38	51,4%	1	14,3%
Maki	14	18,9%	3	42,9%
Fyrirverandi maki	1	1,4%	-	-
Systkini	3	4,1%	-	-
Barn (afkomandi)	2	2,7%	1	14,3%
Amma/afi	1	1,4%	-	-
Frænka/frændi	6	8,1%	1	14,3%
Tengdaforeldrar	2	2,7%	1	14,3%
Vinur/vinkona	3	4,1%	-	-
Önnur tengsl	1	1,4%	-	-
Upplýsingar vantar	3	4,1%	-	-
Alls	74	100%	7	100%

Í töflum 44a sést að allir nýir aðstandendur eru tengdir brotapolu en 9,5% eru þó tengdir bæði brotapolu og ofbeldismanni. Tafla 44b sýnir annars vegar tengsl aðstandanda við brotapolu og hinsvegar tengsl brotapola við ofbeldismann. Í töflu 44b sést að meirihluti nýrra aðstandenda sem komu til Stígamóta voru foreldrar og makar brotapola, eða 70,3%. Í þeim tilvikum þar sem aðstandandi var líka aðstandandi ofbeldismanns þá voru allir tengdir ofbeldismanni fjölskylduböndum, það er annaðhvort maki, foreldri, tengdaforeldri, barn ofbeldismanns eða frændi eða frænka ofbeldismanns.

Tafla 45. Kyn aðstandenda


	Fjöldi	Hlutfall
Karl	23	31,1%
Kona	51	68,9%
Alls	74	100%

Eins og sést í töflu 45 kemur fram að meirihluti nýrra aðstandenda, sem leituðu til Stígamóta árið 2017 voru konur, eða 68,9%. Þetta eru svipaðar niðurstöður og komu fram árin 2008 til 2016.

Tafla 46. Tegund ofbeldis skipt eftir hvaða ofbeldi brotþoli var beittur og hvaða ofbeldi ofbeldismaður beitti

	Aðstandandi brotþola		Aðstandandi ofbeldismanns	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	34	37,4%	6	75,0%
Nauðgun	27	29,7%	-	-
Nauðgunartilraun	4	4,4%	1	12,5%
Kynferðisleg áreitni	14	15,4%	-	-
Vændi	2	2,2%	-	-
Klám	1	1,1%	-	-
Stafrænt Kynferðisofbeldi	4	4,4%	-	-
Annað	1	1,1%	-	-
Ekki viss	4	4,4%	1	12,5%
Alls	91	100%	8	100%

Tafla 46 sýnir það form ofbeldis sem brotþoli var beittur og aðstandandi brotþola leitar til Stígamóta vegna og hinsvegar hvaða ofbeldi ofbeldismaður beitti og aðstandandi ofbeldismanns leitar til Stígamóta vegna. Tafla 46 sýnir að flestir aðstandendur brotþola leita til Stígamóta vegna sifjaspells eða nauðgunar sem aðstandandi þeirra var beittur, eða 67,1%. Einnig sést í töflu 46 að flestir aðstandendur ofbeldismanns leita einnig til Stígamóta vegna sifjaspells sem ofbeldismaður beitti aðra, eða 75%. Oft hefur fólk lent í fleiri en einni tegund ofbeldis og því eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (74). Ástæðan fyrir því að ástæður komu eru fleiri en þeir einstaklingar sem voru aðstandendur ofbeldismanns (7) er sú að ofbeldismaður gat beitt fleiri en einni tegund ofbeldis.



Mynd 29. Til hvaða fagaðila hefur aðstandandi brotþola leitað til áður varðandi ofbeldið?

Það er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á mynd 29 er meiri en fjöldi einstaklinga (74) þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Hlutfallið miðast við heildarfjölda aðstandenda (74). Athyglisvert er að meirihluti eða 66,2% þeirra aðstandenda sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipi árið 2017 höfðu ekki leitað til fagaðila vegna ofbeldisins sem aðstandandi þeirra var beittur áður en þeir komu á Stígamót. Þetta eru svipaðar niðurstöður og komu fram í ársskýrslum Stígamóta fyrir árin 2011 til ársins 2016.

STÍGAMÓT

Laugavegi 170,

105 Reykjavík

Símar: 5626868 og 8006868

stigamot@stigamot.is

www.stigamot.is

